



ÁRSSKÝRSLA 2013



EFNISYFIRLIT ÁRSSKÝRSLU 2013

	Bls.
Stjórn RARIK	2
Inngangur	3
Stjórnskipurit	7
Aðalfundur RARIK 2013	8
Fjármál	9
Dreifikerfi	11
Rafvæðing fiskimjölsverksmiðja á Austurlandi	17
Hitaveitur	18
Starfsemin	20
100 ára afmæli Fjarðarselsvirkjunar í Seyðisfirði	22
RARIK Orkuþróun ehf.	23
Orkusalan ehf.	25
Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra	30
Áritun endurskoðenda	31
Rekstrarreikningur ársins 2013	32
Yfirlit um heildarafkomu ársins 2013	33
Efnahagsreikningur 31. desember 2013	34
Eiginfjáryfirlit árið 2013	35
Sjóðstreymisyfirlit ársins 2013	36
Efnisyfirlit skýringa	37
Skýringar	38
Yfirlýsing um stjórnarhætti	58
English summary	61



STJÓRN RARIK OHF 2013-2014

Ný stjórn RARIK ohf var kosin á aðalfundi í mars 2013.

Engin breyting varð á stjórn frá fyrra ári.

Stjórn RARIK ohf skipa:



Árni Steinar
Jóhannsson,
formaður



Ingibjörg
Sigmundsdóttir,
varaformaður



Hilmar
Gunnlaugsson



Huld
Aðalbarnardóttir



Valdimar
Guðmannsson

FORSTJÓRI RARIK



Tryggvi Þór
Haraldsson,
forstjóri RARIK



FRÁ STJÓRNARFORMANNI OG FORSTJÓRA

Rekstur RARIK samstæðunnar á árinu 2013 gekk vel og að mestu í samræmi við áætlanir. Tekjur voru þó minni en gert hafði verið ráð fyrir og hækkuðu um rúm 3% frá fyrra ári á meðan gjöld hækkuðu um 8%. Aukningu gjalda umfram áætlanir má fyrst og fremst rekja til 18% hækkunar á afskriftum. Fjármagnsgjöld ársins reyndust hins vegar lægri en gert var ráð fyrir, bæði vegna styrkingar krónunnar og minni hækkun vísitölu en gert var ráð fyrir. Fjárfestingar ársins voru umtalsvert meiri en undanfarin ár, sem auk hefðbundinnar endurnýjunar dreifikerfisins skýrist af umfangsmiklum verkefnum tengdum stækkun heimtauga hjá uppsjávarfyrirtækjum á Austurlandi og af lagningu hitaveitu til Skagastrandar.

Afkoma ársins

Hagnaður ársins var rúmur 1,9 milljarður króna sem var meira en gert var ráð fyrir. Helstu ástæður eru meiri reiknaður hagnaður af hlutdeildarfélaginu Landsneti og minni fjármagnsgjöld en gert var ráð fyrir. Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir, fjármagnsliði og skatta (EBITDA) var á árinu 4.300 milljónir króna, eða sem nemur 36% af veltu. Rekstrartekjur voru 11.793 milljónir og rekstrargjöld voru 9.108 milljónir. Fjármagnsgjöld voru 867 milljónir og hagnaður eftir skatta 1.947 milljónir króna. Á árinu var gefinn út skuldabréfaflokkur að upphæð 1.000 milljónir.

Gjaldskrá RARIK fyrir flutning og dreifingu raforku var hækkuð í upphafi árs um 8% í dreifibýli en var ekki hækkuð í þéttbýli. Þá hækkaði Orkusalan gjaldskrá sína um 3,3% þann 1. júlí, en gjaldskrá hitaveitna var ekki hækkuð á árinu. Dreifing á forgangsraforku dróst saman um 0,5% á milli ára. Lítils háttar aukning var í þéttbýli en samdráttur var í dreifibýli (sveitunum) um tæp 2%. Aukning í ótryggðri raforkudreifingu var rúm 15% og er lang stærsti hluti hennar í þéttbýli. Sala á raforku var nánast sú sama og á síðasta ári.

Heildareignir RARIK í árslok voru skv. efnahagsreikningi 46,8 milljarðar og heildar-skuldir 19,6 milljarðar. Eigið fé var því 27,1 milljarðar, eða 58%.

Starfsemin á árinu

Fjárfestingar í rafdreifikerfinu voru í samræmi við langtímaáætlun um endurnýjun og viðhald, sem unnið er eftir til að tryggja að öryggi kerfisins sé ásætlanlegt. Sá ánægjulegi áfangi náðist á árinu að nú er meira en helmingur rafdreifikerfis RARIK kominn í þriggja fasa jarðstrengi og umfang loftlínukerfisins orðið minna en jarðstrengskerfisins. Enginn vafi er á því að mun umfangsmeira tjón hefði orðið á rafdreifikerfinu síðastliðið haust og vetur, ef jarðstrengsvæðingin væri ekki komin þetta langt. Er þetta þegar farið að sjást í lægri tíðni truflana í kerfinu.

Rekstur ársins gekk vel og voru engar meiriháttar bilanir í kerfi RARIK, þrátt fyrir óvenju mikil ísingarveður í lok ársins. Í upphafi ársins var unnið að viðgerðum á flutningslínu Landsnets á sunnanverðu Snæfellsnesi eftir tjón vegna ísingarveðurs, en annars var rekstur ársins hefðbundinn. Fjárfestingaverkefni voru óvenju mikil og gengu vel. Heildarfjárfestingar voru tæpir 3,8 milljarðar króna, þar af um 2,7 milljarðar vegna rafdreifikerfisins, rúmir 0,7 milljarðar vegna hitaveitna og rúmir 0,3 milljarðar vegna virkjana.

Unnið var að styrkingu og endurnýjun kerfisins eins og undanfarin ár. Alls voru lagðir 187 km af jarðstrengjum á árinu, þar af 24 km á 33 kV spennu, en annað á 11 og 19 kV spennu.

Nokkrar stórar heimtaugar voru afgreiddar á árinu. Lokið var við tengingu nýrrar stálbræðslu GMR á Grundartanga og tekin í notkun 10 MVA heimtaug, auk tveggja



*Tryggvi Þór Haraldsson,
forstjóri RARIK*



*Árni Steinar Jóhannsson,
formaður stjórnar RARIK*

2.800 A heimtauga á 400 V. Þá var settur upp nýr 25 MVA spennir 66/11 kV í aðveitustöð á Eskifirði vegna fiskimjölsverksmiðju Eskju og annar 25 MVA spennir 66/11 kV í aðveitustöð á Fáskrúðsfirði vegna fiskimjölsverksmiðju Loðnuvinnslunnar. Á Höfn var byggð ný aðveitustöð og settur upp 30 MVA spennir 132/11 kV, ásamt rofabúnaði og 11 kV strengjum fyrir fiskimjölsverksmiðju Skinney-Pínganess. Þar yfirtók Landsnet og spennuhækkaði línu frá Hólum til Hafnar sem áður var í eigu RARIK.

Á árinu var lokið við framkvæmdir á hitaveitu á Skagaströnd. Lögð var stofnloðni gegnum Blönduós og þaðan til Skagastrandar. Þá var dreifikerfi lagt innanbæjar á Skagaströnd og tengt inn í öll hús. Jafnframt var lokið við dælustöðvar við Laxá á Refasveit og á Skagaströnd og hitaveitan formlega tekin í notkun á haustmánuðum. Á árinu var lokið við borun tilraunavinnsluholu við Hoffell í Hornafirði og hún afkastamæld. Vísbendingar eru um að finna megi nægilega mikið af heitu vatni til að það dugi fyrir hitaveitu á Höfn ásamt byggðinni milli Hoffells og Hafnar. Áður en ákvörðun verður tekin um hvort farið verður í hitaveitu þarf að tryggja nægilegt vatnsmagn og er áformað að halda borunum áfram á árinu 2014.

Fyrirvaralausum rekstrartruflunum í dreifikerfi RARIK fækkaði um 92 á milli ára og hafa aldrei verið færri frá því skipuleg skráning truflana hófst. Fækkunin kom öll fram í háspennuhluta kerfisins og má fyrst og fremst rekja til þess að truflunum vegna veðurs fækkaði um 73 á milli ára og voru 15% færri en í meðalári.

Dótturfélög

Dótturfélög RARIK eru Orkusalan ehf., RARIK Orkuþróun ehf. og Ljós- og gagnaleiðari ehf.

Rekstur Orkusölnunnar á sjöunda starfsári fyrirtækisins gekk vel og var hagnaður eftir skatta 561 milljón króna og eiginfjárlutfall í árslok 61,7%. Orkusalan á og rekur 5 vatnsaflsvirkjanir og framleiðir sjálf um þriðjung af þeirri orku sem hún selur. Fyrirtækið er með um 30% markaðshlutdeild á almennum raforkumarkaði og var eigin framleiðsla svipuð og á síðasta ári. Á árinu var unnið að stækkun Rjúkandavirkjunar í Snæfellsbæ, úr 1 MW í 1,8 MW með því að auka virkjað rennsli. Gert er ráð fyrir að orkuvinnslugeta aukist úr um 8 GWst í 13-14 GWst. Gangsetning endurnýjaðrar virkjunar var í ársbyrjun 2014. Þá var áfram unnið að mati á hagkvæmni endurnýjunar Grímsárvirkjunar og að ýmsum smærri verkefnum í öðrum virkjunum. Jafnframt var áfram haldið með undirbúning og rannsóknir vegna virkjunar Hólmsár í Vestur-Skaftafellssýslu, sem unnið er í samvinnu við Landsvirkjun. Reiknað er með að uppsett afl virkjunarinnar verði um 65 MW. Virkjun Hólmsár með miðlun við Atley lenti hins vegar í biðflokki í þingsályktunartillögu um 2. áfanga áætlunar um vernd og orkunýtingu landssvæða, en Umhverfis- og auðlindaráðherra fól á árinu verkefnisstjórn 3. áfanga áætlunar um vernd og nýtingu landssvæða að framkvæma faglegt mat á átta virkjunarkostum, þar á meðal Hólmsárvirkjun við Atley. Því miður var það niðurstaða verkefnisstjórnarinnar að framkvæma ekki þetta mat gagnvart



Í upphafi ársins var unnið að viðgerðum á flutningslínunum Landsnets á sunnanverðu Snæfellsnesi eftir tjón vegna Ísingaveðurs.



Hólmsárvirkjun við Atley í tillögu sinni um flokkun virkjunarkosta í lok árs. Orkusalan hefur óskað eftir því að verkefnisstjórnin forgangsraði vinnu sinni þannig að þessu verði lokið sem fyrst.

Sá ánægjulegi áfangi náðist á árinu 2013 að helmingur dreifikerfis RARIK er nú kominn í jarðstrengi.

Rekstur á sjötta starfsári RARIK Orkuþróunar ehf. var að mestu leyti í samræmi við áætlanir. Unnið var fyrir Orkusöluna að hluta verkefnisstjórnar vegna undirbúnings Hólmsárvirkjunar. Þá var áfram unnið að undirbúningsrannsóknunum í Sjávarorku ehf, en fyrirtækið er með rannsóknarleyfi í Hvammsfirði vegna sjávarfallavirkjunar og lét á árinu framkvæma straummælingar við Stykkishólm. Varðandi erlend verkefni RARIK Orkuþróunar (RED) þá hefur fyrirtækið ásamt EFLU verkfræðistofu fengið rannsóknarleyfi og unnið að rannsóknum á jarðhitasvæðum í Tyrklandi í gegnum félagið RARIK Turkison Enerji (RTE). Í september var undirritaður samningur milli eigenda RTE og tyrkneska orkufyrirtækisins Zorlu Enerji AS um aðkomu Zorlu að verkefnum RTE. Stofnað var nýtt fyrirtæki í eigu Zorlu og RTE sem annast mun frekari rannsóknir á svæðinu og gengið frá samkomulagi um verkefni fyrir íslenska tækniþjónustu og það hvernig Zorlu mun eignast stærsta hlutann í nýja fyrirtækinu. Hjá RARIK Orkuþróun ehf. er einn starfsmaður.

Dótturfélagið Ljós- og gagnaleiðari sem RARIK stofnaði á árinu 2009 leigir út hluta af ljósleiðara sem það á í Örafum. Að öðru leyti var enginn eiginlegur rekstur í félaginu og enginn starfsmaður.

Helmingur dreifikerfis í jarðstrengjum

RARIK ber ábyrgð á mikilvægri grunnþjónustu sem gerðar eru vaxandi kröfur til. Raforkudreifing og afhending raforku er einn af hornsteinum nauðsynlegra innviða nútíma samfélags. Forsenda búsetu á landsbyggðinni og þeirrar þjónustu sem kallað er eftir með aukinni ferðamennsku er að afhending á raforku sé örugg og í boði á viðráðanlegu verði.

Rafdreifikerfið í dreifbýlinu er mjög umfangsmikið og var upphaflega byggt með beinum framlögum úr ríkissjóði, en endurnýjun þess er nú á ábyrgð RARIK. Háspennu-kerfið er tæpir 8.700 kílómetrar í heild sinni og er nánast allt dreifikerfi í þéttbýli í



Stærsta krafa raforkunotenda í dreifbýli er örugg raforkuafhending.

jarðstrengjum, en frá árinu 1991 hefur verið kappkostað að koma eins miklu af kerfinu í dreifbýli í jarðstrengi og fjárhagur fyrirtækisins hefur leýft. Þeim ánægjulega áfanga var náð á árinu að helmingur kerfisins er nú kominn í jarðstrengi.

Það er öllum ljóst, að jarðstrengsvæðing dreifbýlisins skiptir sköpum í afhendingaröryggi orku. Stærsta krafa raforkunotenda í dreifbýli er örugg raforkuafhending og víða er kallað eftir þriggja fasa rafmagni. Til að bregðast við þeim kröfum þarf að fara í verulegar fjárfestingar á næstu árum og hefur fyrirtækið enga aðra fjármuni til þess en þá sem það fær af tekjum af raforkudreifingu. Jafnframt er um helmingur dreifikerfis í dreifbýli enn í loftlínunum, sem komnar eru verulega á aldur og viðhaldskostnaður þess þar af leiðandi meiri. Allt dreifikerfi RARIK verður ekki komið í jarðstrengi fyrr en á árinu 2035 miðað við núgildandi áætlun um endurnýjun, sem byggir á því að afkoma af rekstrinum standi undir allri endurnýjuninni. Mikilvægt er því að rekstur RARIK skili ásættanlegri afkomu til að unnt sé að halda áfram með þetta mikilvæga verkefni.

Jöfnun rafdreifikostnaðar


Við setningu nýrra raforkulaga valdi RARIK að vera með sérstaka gjaldskrá fyrir dreifbýli (sveitirnar) og aðra fyrir þéttbýli, eins og heimilað var. Fyrirtækið hefur fullnýtt sér tekjuheimildir sínar í þéttbýli, en RARIK hefur lengi haldið aftur af nauðsynlegum hækkunum á verðskrá á dreifbýli. Verðmunurinn, sem nú er yfir 50%, þyrfti að vera meiri, enda er lengd dreifikerfis í dreifbýli RARIK u.þ.b. 20 falt meiri en í þéttbýli RARIK, þrátt fyrir að orkunotkunin sem um kerfið fer sé minni í dreifbýlinu. Til að endurnýja dreifikerfið í samræmi við áætlanir verða tekjur að standa undir þeim kostnaði. Því hefur stjórn RARIK þurft að taka þær óumflýjanlegu ákvarðanir á undanförunum árum að hækka verðskrá á dreifbýlinu umfram verðlagshækkanir og mun þurfa þess eitthvað áfram.

Öllum má vera ljóst að kostnaður við raforkudreifingu í dreifbýli er mun meiri en í þéttbýli. Munurinn til viðskiptavina er þó meiri en nokkur gat búist við þegar núverandi raforkulög voru samþykkt, enda var gert ráð fyrir að þetta yrði að mestu jafnað með sérstöku framlagi af fjárlögum. Gert var ráð fyrir því þegar ákvörðun um að aðgreina gjaldskrár dreifbýlis og þéttbýlis var tekin með nýjum raforkulögum að samhliða yrði gripið til verðjöfnunar til að draga úr áhrifum verðhækkana í dreifbýli og í því skyni samþykkti Alþingi sérstök lög um jöfnun á kostnaði við dreifingu raforku. Fjárframlag til jöfnunarinnar er ákvarðað í fjárlögum hvers árs, en á undanförunum árum hefur vantað mikið á að upphæðin dygði til að verðjafna eins og stefnt var að. Með sama áframhaldi stefndi í að aðstöðumunurinn á milli þéttbýlis og dreifbýlis í byggðum landsins á þessari grunnþjónustu og nauðsynlegu innviðum í nútímasamfélagi hefði orðið óbærilegur.

Í árslok 2013 varð sú breyting á að í fjárlögum 2014 var samþykkt aukið fjárframlag til verðjöfnunar og stefnt að því að á þremur árum verði það aukið enn frekar þar til sem næst fullri verðjöfnun verði náð. Mun það augljóslega hafa veruleg áhrif til lækkunar á raforkukostnað raforkunotenda í dreifbýli á næstu þremur árum og er mikið fagnaðarefni.

Tryggvi Þ. Haraldsson
 Anni Steinar Þórnæsson

FRAMKVÆMDASTJÓRAR SVIÐA OG DÓTTURFYRIRTÆKJA





Árni Steinar Jóhannsson, formaður stjórnar RARIK ohf. flutti ávarp við upphaf aðalfundarins og sagði m.a. að rekstur RARIK samstæðunnar 2012 hafi gengið vel og í samræmi við áætlanir.

AÐALFUNDUR RARIK 2013

Aðalfundur RARIK ohf. 2013 var haldinn í Reykjavík föstudaginn 22. mars 2013.

Árni Steinar Jóhannsson, formaður stjórnar RARIK ohf. flutti ávarp við upphaf aðalfundarins og sagði m.a. að rekstur RARIK samstæðunnar hafi gengið vel á árinu 2012 og í samræmi við áætlanir. Góð afkoma fyrirtækisins hafi gert því kleift að fara í framfarasókn, hafi verið vinna við mörg ný verkefni og lokið við önnur. Í skýrslu Tryggva Þórs Haraldssonar forstjóra kom fram að árið 2012 hafi verið hagstætt fyrir starfsemi RARIK, í tölulegum samanburði hafi það verið besta rekstrarár félagsins frá því hlutafélagið var stofnað, árið 2006. Hann gat um frábæra frammistöðu vinnuflokka við erfiðar aðstæður, sem og annarra starfsmanna fyrirtækisins sem skilaði sér í góðum rekstri. Þá fór hann yfir helstu verkefni ársins og þakkaði að lokum starfsmönnum og stjórn fyrir frábært starf á árinu 2013.

Pórhallur Arason, fulltrúi eiganda, bar fundinum kveðju Katrínar Júlíusdóttur, fjármálaráðherra, sem ekki gat mætt á fundinn. Hann lýsti yfir ánægju með góðan hag félagsins og gat þess að búið væri að setja eigendastefnu á vegum fjármálaráðuneytisins, þar sem m.a. er kveðið á um hvernig samskipti ríkisins sem eiganda að fyrirtækjum skuli háttað þ.e. með formlegum hætti á hluthafafundum og aðalfundum. Fjárhagsstefna eða arðgreiðslustefna ríkisins er í undirbúningi en þar mun koma fram hvernig arði af fyrirtækjum í eigu ríkisins verði varið, til innri vaxtar í fyrirtækjunum eða sem arður til eigandans. Að lokum þakkaði hann nýendurkjörinni stjórn fyrir störf í þágu félagsins, forstjóra og öðrum starfsmönnum RARIK fyrir árangursríkt starf á síðastliðnu ári.

Aðalstjórn RARIK ohf. var endurkjörin á fundinum og hana skipa eftirtaldir: Árni Steinar Jóhannsson formaður, Ingibjörg Sigmundsdóttir, Hilmar Gunnlaugsson, Huld Aðalbjarnardóttir og Valdimar Guðmannsson.

FJÁRMÁL


Árið 2013 var gott rekstrarár hjá RARIK. Tekjur hækkuðu um rúm 3% frá fyrra ári en rekstrargjöld hækkuðu um 8%. Niðurstaða rekstrar fyrir fjármagnsliði var lakari en áætlanir gerðu ráð fyrir, einkum vegna aukinna afskrifta en fjármagnsliðirnir voru mun hagstæðari. Hagnaður ársins var því heldur meiri en gert hafði verið ráð fyrir í áætlunum.

Rekstur 2013

Rekstrarhagnaður ársins 2013 (EBIT) var 2.684 milljónir króna sem er um 23% af veltu. Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir, fjármagnsliði og skatta (EBITDA) var um 36% sem hlutfall af veltu eða 4.300 milljónir króna. Í byrjun ársins var verðskrá dreifingar í dreifbýli hækkuð um 8% en þéttbýlisverðskrá hækkaði ekki. Þrátt fyrir þessa hækkun er RARIK ekki að fullnýta tekjuheimildir sínar, samkvæmt ákvæðum raforkulaga, í dreifbýlinu og mun þurfa sérstaka hækkun á dreifbýlisverðskrá á næstu árum. Tekjuheimildir í þéttbýli eru hins vegar fullnýttar m.a. vegna tekna af tengigjöldum. Verðskrá hitaveitna RARIK breyttust ekki á árinu. Orkusalan hækkaði verðskrá sína um 3,3% þann 1. júlí til samræmis við hækkun Landsvirkjunar á heildsöluverði til Orkusölnnar.

Rekstrartekjur ársins voru 11.793 milljónir króna sem er aukning um rúm 3% frá fyrra ári. Rekstrargjöldin voru 9.108 milljónir króna sem er 8% hækkun frá árinu 2012. Fjármagnsgjöld umfram fjármagnstekjur ársins voru 867 milljónir króna sem er rúmlega 5% af vaxtaberandi skuldum í upphafi ársins. Rekstrarniðurstaða fyrir áhrif hlutdeildarfélags og skatta er jákvæð um 1.817 milljónir króna samanborið við 1.702

SKIPTING EIGNA RARIK SAMSTÆÐU 2013




KILTÖLUR ÚR ÁRSREIKNINGUM 2007-2013

Helstu stærðir úr rekstri	Jan-des 2013	Jan-des 2012	Jan-des 2011	Jan-des 2010	Jan-des 2009	Jan-des 2008	Jan-des 2007
Rekstartekjur	11.793	11.412	10.768	9.694	8.703	7.830	7.436
Rekstrargjöld	9.108	8.428	8.547	7.907	6.973	6.851	6.947
Rekstrarhagnaður	2.684	2.984	2.221	1.787	1.731	979	489
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	-867	-1.282	-1.233	56	-1.804	-5.645	-544
Áhrif hlutdeildarfélags	491	180	189	802	331	-2.877	-178
Hagnaður/tap fyrir skatta	2.309	1.882	1.177	2.646	257	-7.543	-233
Tekjuskattur	-362	-341	-164	-127	440	310	42
Hagnaður (Tap)	1.947	1.541	1.014	2.518	697	-7.232	-191
Eignir samtals	46.787	44.569	37.262	37.032	35.663	31.923	26.442
Eigið fé	27.144	25.507	19.327	18.314	15.982	13.942	14.737
Skuldir	19.643	19.062	17.935	18.718	19.682	17.982	11.706
Handbært fé frá rekstri	3.541	3.257	2.779	2.067	1.847	1.150	885
Greidd vaxtagjöld	657	630	623	842	749	901	409
EBITDA	4.300	4.351	3.520	3.054	2.843	1.884	1.326
Vaxtaþekja	6,54	6,91	5,65	3,63	3,80	2,09	3,24
Eiginfjárhlutfall	58,0%	57,2%	51,9%	49,5%	44,8%	43,7%	55,7%

DREIFINGARKOSTNAÐUR 2013

skv. notkunarflokkum



milljónir króna árið 2012. Áhrif hlutdeildarfélagssins Landsnets eru jákvæð um 491 milljón króna. Hagnaður ársins að teknu tilliti til tekjuskatts er 1.947 milljónir króna. Ef litið er til niðurstöðu rekstrar þau heilu ár sem hlutfélagið RARIK ohf. hefur starfað sést að samanlagður hagnaður, á verðlagi hvers árs, er tæplega 300 milljónir króna.

Efnahagur


Heildareignir RARIK samkvæmt efnahagsreikningi eru 46.787 milljónir króna, skuldir í árslok eru 19.643 milljónir króna og því er eigið fé 27.144 milljónir króna og er eiginfjárlutfallið 58%. Eiginfjárlutfall RARIK er nú að nálgast það sem það var við stofnun hlutfélagsins árið 2006. Fjárfesting á árinu 2013 var 3.776 milljónir króna en árið 2012 var heildarfjárfesting 3.235 milljónir króna. Mest var fjárfest vegna endurnýjunar dreifikerfis, nýrra tenginga eða stækkunar hjá viðskiptavinum og vegna hitaveitu á Skagaströnd. Fjárfesting í veitukerfum á árinu var samtals 3.356 milljónir króna. Fjárfesting í virkjunum á árinu var 327 milljónir króna.

Fjármögnun

Á árinu 2013 var gefinn út skuldabréfaflokkur til 20 ára, sem skráður var í Kauphöll Íslands, að fjárhæð 1.000 milljónir króna. Veruleg umfram eftirspurn var í útboðinu en tilboð bárust fyrir um 4.340 milljónir króna eða um fjórfalt það sem ætlunin var að fá. Ákveðið var að taka tilboðum að nafnvirði 1.000 milljónir króna á ávöxtunarkröfunni 3,09%. Hlutfall erlendra skulda í árslok var um 16% af vaxtaberandi skuldum félagsins og ef ekki verða tekin ný erlend lán verða þau að fullu greidd upp á árinu 2018. Á árunum 2014–2017 eru afborganir um 10 milljarðar króna og ljóst að endurfjármagna þarf stóran hluta þeirra til lengri tíma. Megin þungi þessara afborgana er á árunum 2015 og 2016. Ekki hefur verið tekin ákvörðun um hvort leitað verði til erlendra aðila með einhvern hluta þessarar endurfjármögnunar eða hvort hún verður eingöngu innanlands.

Horfur í rekstri árið 2014

Horfur í rekstri RARIK á árinu 2014 eru góðar. Gert er ráð fyrir að hagnaður af rekstri félagsins verði svipaður og á árinu 2013. Áætlanir fyrir árið 2014 gera ráð fyrir að forgangskraftusala og dreifing aukist, sem er í samræmi við þróun undanfarin ár. Við rekstur hitaveitna bætist ný hitaveita á Skagaströnd, en lokið var við byggingu hennar á árinu 2013.

RAFORKUDREIFING 2013 KWH %

- Forgangskraft 45%
- Forgangskraft dreifbýli 35%
- Ótryggð orka 20%



Stefnt er að því að leggja loftlínukerfi við Mývatn í jörð.

DREIFIKERFI

Helstu framkvæmdir við dreifikerfi 2013

Endurnýjun og styrking dreifikerfisins var svipuð að umfangi og undanfarin ár. Aukning vegna umsókna frá viðskiptavinum var í heild svipuð og árið áður þótt enn hafi dregið úr umsóknum um heimtaugar fyrir sumarhús á Suður- og Vesturlandi miðað við undanfarin ár.

Heildarfjárfesting í 11 og 19 kV dreifikerfum nam um 1.767 milljónum króna bæði í endurnýjun og aukningu sem er lítið eitt lægri upphæð en árið áður og helgast af því að rafvæðing fiskimjölsverksmiðja á Austurlandi var meiri á árinu 2012. Um 64% þessarar upphæðar fór til endurnýjunar og styrkingar á dreifikerfinu og þar af var um 950 milljónum króna varið til endurnýjunar í dreifbýli þar sem jarðstrengir leystu loftlínur af hólmi. Nú er svo komið að 50% háspennudreifikerfis RARIK er í 3ja fasa jarðstrengjum, sem er í takt við langtímaáætlun um endurnýjun loftlínudreifikerfisins.

Fjárfestingar í stofnkerfum og orkusölumælum námu um 890 milljónum króna og var þá bæði um að ræða endurnýjun og aukningu.

ÁFANGASKIPTING FYRIR ENDURNÝJUN Á LOFTLÍNUKERFI Í DREIFBÝLI Á VERÐLAGI 2013				
Áfangi	Tímabil	Árabil	Km.	Mkr.
1. áfangi	8 ár	2013–2020	1.363	7.225
2. áfangi	5 ár	2021–2025	785	3.973
3. áfangi	10 ár	2026–2035	2.108	10.745
Samtals:			4.256	21.943
<p>Í fyrsta áfanga eru línur byggðar 1965 og fyrr. Í öðrum áfanga eru línur byggðar 1966–1970. Í þriðja áfanga eru línur byggðar 1971 og síðar.</p>				

Aðveitustöðin í Holti undir Eyjafjöllum var tekin í notkun á árinu.




Framkvæmdir í dreifbýli

Á Vesturlandi var lagður rúmur 31 km af jarðstrengjum til endurnýjunar á 11 og 19 kV loftlínunum ásamt endurnýjum á tilheyrandi spennistöðvum. Þar af voru lagðir um 7 km af jarðstrengjum í Saurbæ í Dölum, um 6 km í Breiðuvík auk þess að sett var upp rofastöð með fjarstýranlegum rofum við Kamb sem eykur afhendingaröryggi í Staðarsveit í bilanatilvikum. Ofan Borgarness, við Bónhól og Eskiholt, voru lagðir um 9 km og um 8 km frá Stóra-Kroppi í átt að Fossatúni. Unnið var að uppsetningu millispenna fyrir eins vírs álmur til að draga úr jarðstraumum í kerfinu og að styrkingu á lágspennudreifikerfum í sumarhúsaahverfum. Stærsta verkefnið sem ráðist var í vegna nýrra viðskipta var rafvæðing Tetra endurvarpsstöðvar á Pverfelli í Lundareykjadal en þangað var lögð 2,8 km háspennulögn ásamt spennistöð og heimtaug.

Á Norðurlandi voru lagðir alls um 75 km af jarðstrengjum til endurnýjunar á 11 og 19 kV loftlínunum ásamt tilheyrandi spennistöðvum. Þar af var lagður um 17 km jarðstrengur til endurnýjunar línu út á Skaga í samvinnu við sveitarfélagið Skagabyggð. Lagður var um 6,8 km jarðstrengur frá Laugarbakka í átt að Hvammstanga og línukerfi í Vatnsskarði var endurnýjað með um 8,5 km strenglögnum. Farið var í útboð með Hitaveitu Skagafjarðar og línukerfi í Hegranesi endurnýjað með um 14,5 km jarðstreng samfara hitaveitulögnum. Farið var í samskonar samvinnuverkefni með Norðurorku við Finnastaði í Eyjafirði og loftlína endurnýjuð með um 3,3 km háspennulögnum sem lögð var með hitaveitu. Loftlína frá Brúarlandi að dælustöð Norðurorku í Laugalandi var endurnýjuð með um 8,7 km strenglögnum og rofastöð við dælustöðina endurnýjuð. Haldið var áfram endurnýjun á línunum við Mývatn sem fóru illa í Ísingarveðri 2012 og lagðir um 16 km af jarðstrengjum. Ekki tókst að leggja af allt línukerfið við Mývatn eins og stefnt var að en eftir eru þrjár álmur. Vegna aukinna viðskipta má nefna að sett var upp spennistöð og lagður strengur fyrir vinnurafmagn í Vaðlaheiðargöng, Eyjafjarðar megin og settar voru upp spennistöðvar á strenglögnum á Tjörnesi ásamt tengingu Köldukvíslarvirkjunar. Til að taka upp launafli í 33 kV strengjum til Raufarhafnar og Þórshafnar voru settar upp spólur á Kópaskeri, Raufarhöfn og Þórshöfn samtals 4 MVA.

Á Austurlandi var lagður um 21 km af jarðstrengjum til endurnýjunar á 11 kV loftlínunum. Þar af voru lagðir um 13 km á Völlum á Héraði í átt að Hallormsstað og um 8 km í Nesjum við Hornafjörð frá Lindarbakka að Hoffelli. Á báðum þessum stöðum er ráðgert að endurnýja spennistöðvar árið 2014. Af framkvæmdum sem tengjast auknum viðskiptum má nefna að lokið var við að rafvæða sumarhúsaahverfi í Fannardal á Norðfirði ásamt því að hafin var vinna við strenglögnum fyrir vinnurafmagn í Norðfjarðargöng í Fannardal. Sett var upp spennistöð og lagður strengur fyrir vinnurafmagn í Norðfjarðargöng Eskifjarðar megin. Þá var lögð um 1,8 km háspennulögn og sett upp spennistöð fyrir Tetra sendi Neyðarlínunnar á Rjúpnafelli við Vopnafjörð.

HÁSPENNT DREIFIKERFI RARIK 2013



Loftlínur 49,91%
Jarðstrengir 50,09%

Á Suðurlandi var Víkurlína endurnýjuð með um 24 km jarðstreng á 33 kV frá Rimakoti að Steinum undir Eyjafjöllum ásamt því að tekin var í notkun ný aðveitustöð við Holt sem leysir af hólmi tvær gamlar aðveitustöðvar við Hvamm og Hrótafell. Þessi framkvæmd mun draga verulega úr truflunum í Vík og undir Eyjafjöllum vegna áflugs fugla á línur. Einnig voru lagðir um 36 km af jarðstrengjum til endurnýjunar á 11 kV loftlínunum auk endurnýjunar á tilheyrandi spennistöðvum. Þar af voru lagðir um 10 km undir Eyjafjöllum til að tengja nýju aðveitustöðina við kerfið þegar gömlu stöðvarnar voru aflagðar. Lögð var um 2 km strenglöggn við Krók í Ásahreppi og sett upp fjarstýranleg rofastöð við Vegamót. Lagðir voru um 23 km af jarðstrengjum til endurnýjunar á öllu línukerfinu frá Spóastöðum að Svínavatni og þaðan upp að Laugarvatni. Á þessu svæði er mikil sumarhúsabygging og voru settar upp fjórar rofastöðvar með háspennurofum og verða tvær af þeim fjarstýranlegar. Þessi framkvæmd mun auka til muna rekstraröryggi þar sem fljótlegt verður að rjúfa frá einstaka kerfishluta og minnka líkur á að truflanir verði á stórum svæðum. Sett var upp fjarstýranleg rofastöð í Öndverðarnesi. Lagður var um 1 km jarðstrengur við Hvol og Kirkjuferju í Ölfusi auk þess sem unnið var að styrkingu lágsþennudreifikerfa í sumarhúshverfum. Helstu framkvæmdir vegna aukinna viðskipta voru rafvæðing Tetra endurvarpsstöðvar á Kistufelli við Skál í Skaftárhreppi með um 1,8 km háspennulöggn og spennistöð og rafvæðing endurvarpsstöðvar fyrir síma og Tetra senda ofan við Sólheimahjáleigu í Mýrdal með um 3,7 km háspennilöggn og spennistöð.

Þéttbýlis- og byggðakjarnar

Á Vesturlandi var tekin í notkun 33 kV 10 MVA heimtaug og tvær 2.800 A 400 V heimtaugar fyrir stálbræðslu GMR á Grundartanga. Lokið var við útskipti á rafbúnaði í spennistöðvum í Borgarnesi og háspennukerfið spennuhækkað úr 6 kV í 19 kV. Spennistöð við Klífbraut í Ólafsvík var endurnýjuð.

Á Norðurlandi var unnið að undirbúningi vegna spennuhækkunar á háspennudreifikerfinu á Húsavík úr 6 kV í 11 kV með lagningu 11 kV jarðstrengja og útskipti á 6 kV rafbúnaði í spennistöðvum. Byrjað var að skipta út 6 kV rofabúnaði með nýjum 11 kV rofum í aðveitustöð á Húsavík. Sett var upp bráðabirgða spennistöð við Suðurgötu á Siglufirði þar sem eldri spennistöð í Suðurgötu 47 varð að víkja. Nokkuð var um stækkanir á heimtaugum, m.a. hjá Promens á Siglufirði og hjá JS Seafood á Kópaskeri.

Á Austurlandi var settur upp nýr 25 MVA, 66/11 kV spennir í aðveitustöð á Eskifirði til að anna aukinni aflþörf fyrir fiskimjölsverksmiðju Eskju. Einnig var settur upp nýr 25 MVA, 66/11 kV spennir í aðveitustöð á Fáskrúðsfirði til að anna aukinni aflþörf fyrir fiskimjölsverksmiðju Loðnuvinnslunnar. Á Höfn var farið í umfangsmiklar framkvæmdir vegna þess að Skinney-Pinganes var að færa orkunotkun mjölvinnslu úr olíu í rafmagn. Til að anna þessari auknu aflþörf Skinney-Pinganes tók Landsnet í notkun nýjan afhendingarstað á Höfn, yfirtók línu sem RARIK átti frá aðveitustöð á Hólum og hækkaði spennu á henni í 132 kV. RARIK byggði hins vegar nýja aðveitustöð við Krosseyjarveg í húsnaði sem áður hýsti díselvélar. Húsnaðið var

Úr aðveitustöð við Krosseyjarveg á Höfn.



Jarðstrengur lagður í Eyjafirði.
Truflunum í dreifikerfi RARIK
hefur fækkað mikið eftir að
jarðstrengjavæðing hófst.



endurbyggt frá grunni og bætt við rými fyrir 132 kV búnað. Þarna kom RARIK fyrir nýjum 30 MVA, 132/11 kV spennni og nýjum 11 kV rofabúnaði en Landsnet lagði þangað 1,5 km 132 kV streng og setti upp 132 kV rofa í tengivirki aðveitustöðvar á Hólum. Frá þessari nýju aðveitustöð var lögð um 1 km öflug 11 kV háspennulögn að bræðslu Skinney-Pinganess í Óslandi og voru strengirnir lagðir í röðum sem Skinney-Pinganess kom fyrir undir höfnina. Um leið var háspennudreifikerfi á Höfn styrkt með strenglögnum út frá þessari nýju aðveitustöð. Með nýrri aðveitustöð og styrkingu háspennudreifikerfis hefur afhendingargeta inn á Hafnarsvæðið aukist verulega og sömuleiðis afhendingaröryggið.

Á Suðurlandi var lagður um 1,2 km háspennustrengur í Vík frá iðnaðarhverfi að skóla til hringtengingar. Á Hvolsvelli var sett upp ný spennistöð við Nýbýlaveg fyrir íbúðabyggð sem er í uppbyggingu og lögð 1,2 km háspennulögn til hringtengingar. Á Hellu var dreifikerfi í iðnaðarhverfi við Rangárbakka styrkt með nýrri spennistöð og háspennulögn vegna aukinnar notkunar og stækkunar heimtauga. Í Hveragerði voru endurnýjaðir háspennurofar í tveimur spennistöðvum og hringtenging háspennukerfis styrkt.


DREIFIKERFI RARIK Á HÁSPENNU

	Strengir km	Línur km	Samtals km	Hlutfall strengja / %
66 kV	3	0	3	100,00
33 kV	202	136	338	59,76
6 til 22 kV	4127	4195	8322	49,59
	4332	4331	8663	50,01
Sæstrengir	15	0	15	100,00
Strengir samtals:	4347	4331	8678	50,09

Truflanir í dreifikerfum

Á síðasta ári urðu 521 fyrirvaralausar rekstrartruflanir í dreifikerfi RARIK, þar af voru 64% í háspennukerfinu en 36% í lágspennukerfinu. Fyrirvaralausum truflunum fækkaði um 92 á milli ára og hafa þær aldrei verið færri frá því skipuleg skráning truflana hófst. Fækkun truflana kom öll fram í háspennuhluta kerfisins, en í lágspennukerfinu voru þær tveimur fleiri en árið áður. Ástæðu fækkunar má fyrst og fremst rekja til truflana vegna veðurs, sem fækkaði um 73 á milli ára. Þess ber þó að geta að árið 2012 var sérstaklega erfitt ár að þessu leyti. Truflanir vegna veðurs voru 15% færri á síðasta ári en í meðalári.


Skerðing til notenda vegna fyrirvaralausra truflana varð 132 MWh á árinu, sem er 15% minna en í meðalári. Líðlega helming skerðingarinnar má rekja til veðurs og tæpan fimmtung til áverka, fyrst og fremst vegna áflugs fugla og vegna jarðvinnu.



Við strengvæðingu dreifikerfisins hefur verið lögð áhersla á að leggja línur í jörð á þekktum ísingarsvæðum. Truflunum af veðurfarslegum ástæðum hefur enda snarfækkað frá því sem var áður en strengvæðingin hófst. Meðalfjöldi veðurtruflana var þannig um þriðjungi lægri á síðasta áratug en áratuginn þar á undan. Í vaxandi mæli hefur einnig verið leitast við að bregðast við auknu áflugi fugla, m.a. með strenglögnum á völdum svæðum. Því er ánægjulegt að sjá að það virðist hafa orðið viðsnúningur og nú dregur úr truflunum vegna áflugs fugla á loftlínur. Flestar urðu þær árið 2010 en eftir það hefur slíkum truflunum fækkað markvert.

Þann 16. september gekk yfir landið ísingarveður sem olli nokkru tjóni á Norðurlandi aðallega í Lýtingsstaðarhreppi í Skagafirði, en þar brotnuðu um 20 staurar með tilheyrandi vírslitum. Þetta veður var mjög áþekkt ísingarveðri í janúar 1991 þegar yfir 500 staurar brotnuðu í dreifikerfi RARIK á Norðurlandi. Um jól og áramót var veður risjött um norðan- og austanvert landið með ísingu víða en þrátt fyrir það urðu einungis minniháttar truflanir. Ljóst er að tjón og truflanir í þessum veðrum hefðu orðið mun meiri væri strengvæðing dreifikerfisins ekki eins langt komin og raunin er.

Engar truflanir urðu á árinu, sem falla í flokk umfangsmikilla truflana með 10 kerfis-mínútur eða fleiri.



LYKILTÖLUR ÚR REKSTRI RARIK 2013					
	Eining	Tími	2013	2012	Breyting
Íbúar á orkuveitusvæði rafmagns	fjöldi	31. des	50.865	50.606	1%
Íbúar á orkuveitusvæði hitaveitu	fjöldi	31. des	5.107	4.603	11%
Meðalverð rafmagns *)	kr./kWh	yfir árið	5,76	5,59	3%
- þar af þéttbýli	kr./kWh	yfir árið	4,30	4,36	-1%
- þar af dreifbýli	kr./kWh	yfir árið	8,35	7,65	9%
- þar af stofnkerfi	kr./kWh	yfir árið	-	-	-
Meðalverð heits vatns *)	kr./m ³	yfir árið	232	211	10%
Meðalverð rafmagns, forgangsorka eingöngu					
- þar af þéttbýli	kr./kWh	yfir árið	5,45	5,38	1%
- þar af dreifbýli	kr./kWh	yfir árið	8,43	7,72	9%
Fjöldi fyrirvaralausra truflana í:	fjöldi	yfir árið	521	613	-15%
- þar af háspennu dreifikerfi	fjöldi	yfir árið	334	427	-22%
- þar af lágspennukerfi	fjöldi	yfir árið	187	185	1%
- þar af raforkuveri	fjöldi	yfir árið	0	1	-100%
Orkudreifing rafmagns	GWh	yfir árið	1.110	1.085	2%
- þar af þéttbýli	GWh	yfir árið	711	679	5%
- þar af dreifbýli	GWh	yfir árið	399	406	-2%
- þar af stofnkerfi	GWh	yfir árið	0	0	
Orkusala hita	þús. m ³	yfir árið	2.301	2.396	-4%
Afl inn á dreifikerfi rafmagns (samlagað) *)	MW	yfir árið	242	214	13%
Afl dreifitapa rafmagns (samlagað)	MW	yfir árið	30	17	74%
Afl afhent út af dreifikerfi rafmagns (samlagað)	MW	yfir árið	212	197	8%
Raforkuvinnsla samtals, orka	GWh	yfir árið	62	65	-4%
Framleiðsla á heitu vatni, hámarksafkastageta	MW	31. des	32,0	32	0%
Framleiðsla á heitu vatni, hámarksálag, án jaðarveitna	MW	yfir árið	23,0	23	0%
Heildarorkusala í R/O veitum	þús. m ³	yfir árið	774	809	-4%
Aðveitustöðvar	fjöldi	31. des	52	52	0%
Aðveitustöðvar, uppsett spennaafli	MVA	31. des	593	526	13%
Fjöldi dreifistöðva	fjöldi	31. des	5.524	5.428	2%
Uppsett spennaafli í dreifistöðvum	MVA	31. des	692	627	10%
66 kV jarðstrengir	km	31. des	3	3	0%
33 kV jarðstrengir	km	31. des	202	173	17%
6-22 kV jarðstrengir	km	31. des	4.127	3.809	8%
33 kV loftlínur	km	31. des	136	175	-22%
6-22 kV loftlínur	km	31. des	4.195	4.348	-4%
Sæstrengir	km	31. des	15	15	0%
Háspennt dreifikerfi samtals	km	31. des	8.678	8.523	2%
Lágspennustrengir, aðrir en heimtaugar	km	31. des	1.313	1.165	13%
Strengskápar, háspenna	fjöldi	31. des	250		
Strengskápar, lágspenna	fjöldi	31. des	10.643		
- strengskápar samtals	fjöldi		10.893	10.453	4%
Heimtaugar, rafmagn	km	31. des	2.656	2.406	10%
Lágspennt dreifikerfi samtals	km	31. des	3.969	3.571	11%
Heildarlengd hitaveitulagna	km	31. des	231	197	17%
Heimtaugar, rafmagn	fjöldi	31. des	29.118	27.660	5%
Heimæðar, heitt vatn	fjöldi	31. des	1.978	1.747	13%
Rafmagn - veitur/mælar	fjöldi	31. des	41.375	41.349	0%
Heitt vatn - veitur/mælar	fjöldi	31. des	2.213	1.965	13%
Ljósastaurar	fjöldi	31. des	15.994		
Orkunotkun ljósbúnaða í götulýsingu	kWh	31. des	8.631.694	8.901.233	-3%
Fastir starfsmenn hjá RARIK í árslok	fjöldi	31. des	196	198	-1%
Fjöldi ársverka	fjöldi	yfir árið	201	204	-1,5%

* Skýringar: Meðalverð rafmagns er meðalverð fyrir dreifingu og flutning rafmagns fyrir alla orku, (forgangsorku og ótryggða orku). Fastagjald er innifalið í meðalverði. Verðið er án vsk. Meðalverð heits vatns er að meðtöldu fastagjaldi en án vsk.



RAFVÆÐING FISKIMJÖLSVERKSMIÐJA Á AUSTURLANDI

Á undanförunum árum hafa uppsjávarfyrirtækin í vaxandi mæli fært orkunotkun í fiskimjölverksmiðjum sínum úr olíu yfir í rafmagn. Síðustu tvö ár hefur verið gert sérstakt átak í þessu efni í verkmiðjum á Austurlandi.

Á árinu var settur upp nýr 25 MVA, 66/11 kV spennir í aðveitustöð á Eskifirði fyrir fiskimjölverksmiðju Eskju á Eskifirði, en á árinu 2012 höfðu verið lagðir háspennustrengir vegna þessarar notkunar. Einnig var settur upp í aðveitustöð á Fáskrúðsfirði nýr 25 MVA spennir, 66/11 kV fyrir fiskimjölverksmiðju Loðnuvinnslunnar. Unnið var að undirbúningi og lagningu háspennustrengja á árinu 2012. Farið var í umfangsmiklar framkvæmdir á Höfn vegna breytinga hjá Skinney-Pinganesi, en til að anna þessari auknu aflþörf byggði RARIK nýja aðveitustöð á Höfn og setti þar upp 30 MVA spenni 132/11 kV, auk 11 kV rofabúnaðar og háspennulagna. Landsnet kom með nýjan afhendingarstað á Höfn, lagði háspennustreng inn í aðveitustöð RARIK og yfirtók línu sem RARIK átti frá aðveitustöð á Hólum og hækkaði spennu á henni í 132 kV.

Alls hafa verið gerðir samningar við uppsjávarfyrirtæki á Austurlandi um rúmlega 100 MW afl og af því eru 53 MW vegna viðbóta sem tengjast átaki síðustu tveggja ára. Eru öll fyrirtækin nú tilbúin að nota rafmagn í stað olíu í fiskimjölverksmiðjunum. Aflaukning til þeirra var 15 MW á Fáskrúðsfirði, 12 MW á Eskifirði, en þar var 10 MW samningur fyrir og 8 MW í Neskaupsstað sem var með 12 MW samning fyrir. Þá hefur einnig verið bætt við 3 MW á Vopnafirði, en þar var 12 MW samningur fyrir og 15 MW á Höfn þar sem ekki var samningur fyrir. Hins vegar var fyrir 15 MW samningur á Seyðisfirði.

Kostnaður í kerfi RARIK vegna tenginga verksmiðjanna á undanförunum tveimur árum nemur tæplega 850 milljónum króna.

Rafvæðing fiskimjölverksmiðja á Austurlandi er lang stærsta umhverfismál sem ráðist hefur verið í hér á landi á undanförunum árum. Gera má ráð fyrir að þessi aðgerð samsvari því að hætt sé að nota jarðefnaeldsneyti sem svarar til notkunar 25.000 einkabíla á ári.

Tryggvi Þór Haraldsson forstjóri RARIK og Ásgerður Gylfadóttir bæjarstjóri á Höfn gangsetja nýja aðveitustöð RARIK við Krosseyjarveg á Höfn í Hornafirði.

Síðustu tvö ár hafa uppsjávarfyrirtækin á Austurlandi gert sérstakt átak í að færa orkunotkun í fiskimjölverksmiðjum sínum úr olíu í rafmagn. Fiskimjölverksmiðja Eskju á Eskifirði er ein þeirra verksmiðja sem kallað hafa eftir aukinni orku.





Ný hitaveita á Skagaströnd var tekin formlega í notkun 2013. Hitaveitan er stækkun Blönduósveitu sem RARIK keypti árið 2005. Um leið og ný hitaveita var lögð til Skagastrandar var stofnæð Blönduósveitu endurnýjuð. Gert er ráð fyrir að lokið verði við að tengja flest hús á Skagaströnd á fyrri hluta árs 2014.

HITAVEITUR

Lögð var rúmlega 20 km löng stofnæð hitaveitu frá Blönduósi til Skagastrandar. Tvær dælustöðvar voru byggðar á stofnpípunni, önnur við Laxá á Refasveit og hin við Skagaströnd. Lagðar voru dreifilagnir um Skagaströnd fyrir 218 heimæðar og 14 heimæðar voru lagðar í dreifbýlinu milli Blönduóss og Skagastrandar. Hleypt var á hitaveituna á Skagaströnd í október 2013 og hún tekin formlega í notkun 1. nóvember. Í upphafi tengdust um fjórðungur húsa á Skagaströnd. Sett var úthlaup á heitavatnið í öll hús á Skagaströnd þar sem hættu var á að heimæðar gætu frosið.

Stofnæð hitaveitu Blönduóss undir Blöndubrú fyrir svæðið austan Blöndu var endurnýjuð samhliða lagningu nýrrar stofnæðar til Skagastrandar.

Til að anna aukinni heitavatnsnotkun var boruð 1.000 m hola á Reykjum við Húnavelli sem þjónar hitaveitunni á Blönduósi og Skagaströnd. Borunin gekk vel og afkastageta holunnar er í samræmi við áætlanir.

Súlftblöndun í heita vatnið í Skútudal á Siglufirði var hætt í september 2013. Ekki er lengur þörf á að eyða súrefni úr heita vatninu eftir lagfæringar á gasskilju í Skútudal og með tilkomu virkjunar á Skarðdal þar sem vatnið þar er súrefnissnautt.

Áfram var unnið að jarðhitaleit fyrir Höfn. Lokið var við að bora 1.608 m borholu við Hoffell og sett í holuna dæla niður á 150 m dýpi. Samkvæmt langtíma dæluþrófun gefur hola 15-20 l/s af 72° C heitu vatni.

Óvenjumikil skerðing var á raforku frá Landsneti og Landsvirkjun til kyndistöðva RARIK. Var það bæði á tímabilinu 6. til 19. maí og 17. til 19. desember. Olíunotkun kyndistöðva RARIK vegna þessa var um 160.000 lítrar.

Ný hitaveita Skagastrandar tekin í notkun

Ný hitaveita var tekin formlega í notkun á Skagaströnd föstudaginn 1. nóvember þegar stjórnarformaður RARIK hleypti vatni á dreifikerfið. Hitaveitan á Skagaströnd er

stækkun Blönduósveitu sem nær yfir veitusvæði á Blönduósi, hluta Húnavatnshrepps og Skagaströnd, auk hluta af dreifbýlinu milli Blönduóss og Skagastrandar.

RARIK keypti hitaveituna á Blönduósi á árinu 2005. Þá var ljóst að endurnýja þyrfti stofnpípuna frá Reykjum við Húnavelli þaðan sem heita vatnið er tekið. Strax kom til umræðu hvort gera ætti ráð fyrir að leggja hitaveitu til Skagastrandar og tengjast hitaveitunni á Blönduósi. Sveitarstjórn Skagastrandar hafði lengi unnið að jarðhitaleit fyrir Skagaströnd en ekki náð árangri. Í kjölfar kaupa RARIK á hitaveitu Blönduóss leituðu Skagstrendingar til RARIK um hitaveitu til Skagastrandar og leiddi það til að farið var í forhönnun hitaveitunnar og mat á arðsemi hennar.

Ekki reyndist grundvöllur fyrir veitunni, nema með óafturkræfum stofnframlögum og ekki náðist samstaða um verkefnið. Viðræður hófust aftur 2010, en þá var orðin vaxandi þörf á endurnýjun aðveitupípunnar til Blönduóss og þurfti því að taka ákvörðun um hvort ný pípa hefði flutningsgetu eingöngu fyrir Blönduós eða einnig fyrir Skagaströnd.

Við arðsemisútreikninga kom í ljós að til að veitan stæði undir sér þyrfti 260 m.kr. óafturkræft stofnframlag frá Skagaströnd. Um þetta náðist samkomulag við sveitarfélagið Skagaströnd og voru samningar undirritaðir 30. des 2011 sem fólu í sér að RARIK legði hitaveitu til Skagastrandar og verklok yrðu fyrir árslok 2013.

Helstu verkþættir

Verkefnið skiptist í nokkra meginþætti og eru helstir þeirra endurnýjun á stofnpípunni frá Reykjum til Blönduóss, um 13 km leið, bygging þriggja nýrra dælustöðva, ný stofnlögn milli Blönduóss og Skagastrandar, um 21 km, 10 km dreifikerfi innanbæjar á Skagaströnd og rúmlega 230 tengigrindur í hús á Skagaströnd og dreifbýli. Þá var boruð ný vinnsluhola á Reykjum til að mæta álagsaukningu vegna Skagastrandar. Auk þess var lagður ljósleiðari milli Reykja og Skagastrandar fyrir stýringar á veitunni og ljósleiðararör í hvert hús á Skagaströnd fyrir sveitarfélagið.

Lagningu pípunnar milli Reykja og Blönduóss og byggingu dælustöðvar á Blönduósi lauk árið 2012 og var vatni hleypt á kerfið í október 2012. Stofnpípan milli Blönduóss og Skagastrandar var lögð á árinu 2013, ásamt innanbæjarkerfinu á Skagaströnd og tveim dælustöðvum. Fyrsta húsið á Skagaströnd var tengt 27. október 2013 og var veitan formlega tekin í notkun þann 1. nóvember.

Á árinu tókst að ljúka uppsetningu mæligrinda í öll hús og tæpur helmingur hafði þegar hafið viðskipti í árslok. Mikill áhugi var á að tengjast veitunni, en aðgengi að pípulagningaverktökum tafði framkvæmdir hjá íbúum. Hitastig vatnsins reyndist 61°C við bæjarmörk en mun hækka með aukinni notkun. Ágætlega tókst að tryggja stöðugt rennsli í gegnum bæinn til að halda uppi ásættanlegum vatnshita þrátt fyrir að fáir viðskiptavinir væru tengdir.

Nýjustu tækni er beitt við mælingu og álestrar verða rafrænar og því verða allir reikningar byggðir á raunverulegri notkun, í stað þess að áætla milli álestra eins og algengast er. Sama verðskrá mun gilda fyrir allt veitusvæðið.

Í heildina tókst verkið mjög vel og stóðust bæði upphafleg kostnaðaráætlun og tímaáætlun, þrátt fyrir viðbætur og breytingar sem ekki voru fyrir séðar. Heildarkostnaður við verkið var áætlaður um 1.117 milljónir króna, þar af var kostnaður við borun og virkjun nýrrar holu að Reykjum um 160 milljónir og endurnýjun stofnlagnar frá Reykjum til Blönduóss um 346 milljónir.

Gert er ráð fyrir að lokið verði við að tengja flest hús á Skagaströnd við veituna á fyrri hluta ársins 2014.



Ný 1.000 metra hola var boruð á Reykjum við Húnavelli.





Innanhúss fundur hjá RARIK.

STARFSEMIN

Upplýsinga og tölvukerfi

Megin upplýsingakerfi RARIK er í sýndarumhverfi í tölvusal að Dvergshöfða 2 og tengjast allar skrifstofur og starfsstöðvar um IP og ADSL net Símans. Á árinu voru vélbúnaður og hugbúnaður kerfisins uppfærðir auk þess sem hafist var handa við að uppfæra megininnviði nettenginga og þráðlauss nets fyrirtækisins. Á árinu var gert sérstakt átak í upplýsingaöryggismálum og verður því framhaldið á árinu 2014 þó það verk sé reyndar viðvarandi og stöðugt í endurskoðun. Unnið var að verklagsreglum um stjórnkerfi upplýsingaöryggis ásamt leiðbeiningum og reglum um upplýsingakerfi. Þessi vinna ásamt öðru er lítur að öryggi upplýsingakerfa hefur staðið yfir um nokkurt skeið en verklagsreglurnar voru formlega samþykktar í janúar 2014.


Handbók

Sem fyrr var unnið að ýmsum verkefnum tengdum Handbók RARIK á árinu 2013. Ný skjöl í handbókinni varða m.a. skjalfestingu á stefnu RARIK í fjárfestingum, endurnýjun skjala er snúa að varmaorkumælum og skjölum er snúa að verklagi ef grípa þarf til skömmtunar raforku. Auk þess var unnið að skjalfestingu og endurnýjun ýmissa skjala sem snúa að upplýsingatæknimálum og upplýsingaöryggi.

Skjalfesting og framkvæmd innra eftirlits með varmaorkumælum, var tekin út á árinu 2013. RARIK stóðst úttektina og fékk í kjölfarið heimild Neytendastofu til að nota innra eftirlit í stað löggildingar fyrir varmaorkumæla. Þar með hefur RARIK fengið viðurkenningu á innra eftirliti sínu fyrir alla sölumæla fyrirtækisins.

STARFSMANNAFJÖLDI RARIK

1995-2013



Auk hefðbundinna innri og ytri úttekta á handbók RARIK á árinu 2013 var ráðgjafafyrirtækið Deloitte fengið til að rýna innra eftirlit RARIK. Niðurstöður þeirrar skoðunar nýttast meðal annars í frekari vinnu í Handbók RARIK.

Öryggismál

Á árinu 2013 fór fram reglubundin viðhaldsskoðun á öryggisstjórnunarkerfi RARIK auk skoðana á nýjum og breyttum virkjum samkvæmt kröfum Mannvirkjastofnunar. Athugasemdir við skoðanir á virkjum voru flestar vegna skorts á upplýsingum um skref- og snertispennu. Nokkrum vandkvæðum er bundið að nálgast þessi gildi fyrir dreifikerfi í þéttbýli en milli dreififyrirtækja er ágætt samstarf til að ráða bót á því. Verkfræðistofur voru fengnar til ráðgjafar og verður niðurstaðan hýst hjá Mannvirkjastofnun.

Unnar hafa verið skýrslur í DMM kerfi RARIK til að halda utan um skoðanir og eftirlit kerfishluta þar sem greinargóðar upplýsingar eru birtar um skoðunar- og eftirlitsáætlun næstu ára auk upplýsinga um hvaða kerfishlutar voru skoðaðir á síðasta tímabili.

Haldnir voru fundir með starfsmönnum um öryggi og verklag þar sem farið var yfir hugtök eins og öryggismenningu og öryggisbrag auk þess sem afleiðingar rafmagnsslysa voru rífaðar upp.

Samvinna er hafin á milli RARIK og OR um kennslu á verklagi við vinnu í staurum, skilgreiningu búnaðar við þá vinnu og þjálfun í að bjarga mönnum úr staur ef eitt-hvað kemur fyrir.

Starfsmannamál

Hefðbundin skyndihjálparnámskeið voru haldin á öllum rekstrarsvæðum RARIK í samvinnu við Rauða krossinn. Starfsmenn RARIK eru oft við erfið störf utan alfaraleiðar og fjarri heilsugæslu og því nauðsynlegt að þeir kunni vel til fyrstu hjálpar.

Á árinu bauð fyrirtækið upp á heilsufarsmælingu sem stóð öllum starfsmönnum til boða og nýttu flestir sér það. Almennt má segja að heilsufar starfsmanna hafi verið gott og fjarvistir vegna veikinda hafa verið í lágmarki. Samhliða þessu hafa starfsmenn stóraukið hreyfingu og má þar nefna að starfsmenn hafa tekið þátt í átakinu Hjólað í vinnuna frá upphafi. Auk þess fóru misstórir hópar starfsmanna í ýmsar gönguferðir og má þar nefna staði eins og brúnir Látrabjargs í Vesturbyggð.

Félagsstarf

Félagsstarf var með hefðbundnum hætti á árinu 2013. Haldin var sameiginleg árshátíð í Reykjavík og þorablót víða um land. Þá voru að venju haldin golfmót og að þessu sinni var golfmót RARIK haldið á Seyðisfirði í ágúst í tengslum við 100 ára afmælishátíð Fjarðarselsvirkjunar. Þá stóðu starfsmannafélögin fyrir utanlandsferðum á árinu eins og oft áður.



STARFSMENN OG ÁRSVERK				
	RARIK	Orkusalan	RED	Samtals
Ársverk	186	13,7	1,3	201
Starfsmenn	182	13	1	196

Frá æfingu í félagabjörgun.

100 ÁRA AFMÆLI FJARÐARSELVIRKJUNAR Í SEYÐISFIRÐI

Á síðasta ári voru liðin 100 ár frá því að Fjarðarselsvirkjun í Seyðisfirði tók til starfa. Fjarðarselsvirkjun er elsta starfhæfa virkjun landsins og markaði tilkoma hennar afgerandi tímamót í tæknilegu tilliti. Segja má að með Fjarðarselsvirkjun hefjist nútíma rafveiturekstur hér á landi því hún var fyrsta rafveitan með riðstraum, sem var tæknibylting, á meðan aðrar veitur byggðar á þessum tíma notuðu jafnstraum. Riðstraumstæknin var forsenda þess að hægt var að flytja raforkuna þá vegalengd sem er frá virkjuninni og þar með að rafvæða öll heimilin í bæjarfélaginu. Auk þess að vera fyrsta riðstraumsvirkjun á Íslandi var frá henni lögð fyrsta háspennulögnin. Þá var hún einnig aflstöð fyrstu eiginlegu bæjarveitunnar á Íslandi.

Framkvæmdir við Fjarðarselsvirkjun hófust vorið 1913 og lauk um haustið og var rafmagni hleypt á veituna og rafljós kveikt í bænum 13. október. RARIK keypti Rafveitu Seyðisfjarðar í ársbyrjun 1957 og tók við rekstrinum ári síðar og hefur rekið hana síðan.

Fjarðarselsvirkjun þykir ekki stór á nútíma mælikvarða. Hún hefur engu að síður verið stækkuð frá upphaflegri mynd og er nú liðlega 200 kW. Þrátt fyrir það er hún ekki mikið breytt frá upphafi. Fyrsti vatnshverfillinn er enn í virkjuninni ásamt tilheyrandi búnaði.

22. Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir**Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir greinast þannig:**

	2013	2012
Viðskiptaskuldir	1.152.218	1.047.571
Aðrar skammtímaskuldir	489.655	712.947
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir samtals	<u>1.641.873</u>	<u>1.760.518</u>

23. Stýring fjármálalegrar áhættu og fjármálagerningar**Yfirlit****Fjármálagerningum samstæðunnar fylgir eftirfarandi áhætta:**

Lánsáhætta
Lausafjárahætta
Markaðsáhætta

Eftirfarandi eru upplýsingar um fjármálalega áhættu samstæðunnar, markmið, stefnu og aðferðir við að meta og draga úr áhættunni.

Markmið samstæðunnar er að uppgötva og greina áhættu sem hún býr við, setja viðmið um áhættutöku og hafa eftirlit með henni.

Stjórn félagsins ber að hafa eftirlit með fjármálalegri áhættu félagsins. Til að sinna því hefur stjórnin sótt ráðgjöf til utanaðkomandi ráðgjafa.

Lánsáhætta

Lánsáhætta er hættan á fjárhagslegu tapi samstæðunnar ef viðskiptamaður eða mótaðili í fjármálagerningi getur ekki staðið við umsamdar skuldbindingar sínar. Lánsáhætta samstæðunnar er einkum vegna viðskiptakrafna.

Viðskiptakröfur og aðrar kröfur

Lánsáhætta samstæðunnar ræðst einkum af fjárhagsstöðu og starfsemi einstakra viðskiptamanna. Viðskiptakröfur og aðrar kröfur samstæðunnar eru á einstaklinga, fyrirtæki og stórnotendur. Dreifing viðskiptakrafna eftir viðskiptavinum er nokkuð jöfn.

Flestir viðskiptamenn samstæðunnar hafa átt í áralöngum viðskiptum við það og tapaðar viðskiptakröfur hafa verið lágt hlutfall af veltu. Innheimtudeild samstæðunnar vinnur eftir ákveðnum reglum sem miða að því að draga úr lánsáhættu.

Félagið myndar niðurfærslu vegna áætlaðrar virðisýrnunar á viðskiptakröfum, öðrum kröfum og fjárfestingum.

Mesta mögulega tap vegna lánsáhættu

Mesta mögulega tap samstæðunnar vegna fjáreigna er bókfært verð þeirra, sem var eftirfarandi í árslok:

	2013	2012
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur	2.025.183	2.018.193
Handbært fé	<u>212.817</u>	<u>788.457</u>
	<u>2.238.000</u>	<u>2.806.650</u>
Mesta mögulega tapsáhætta viðskiptakrafna á reikningsskiladegi eftir viðskiptavinum:		
Almennir orkunotendur	1.462.204	1.547.061
Aðrar viðskiptakröfur	<u>552.597</u>	<u>456.769</u>
	<u>2.014.801</u>	<u>2.003.830</u>

Fjárhæðir eru í þúsundum króna.

23. Fjármálagæringar, frh.:

Virðisrýrnun

Aldursgreining viðskiptakrafna og niðurfærsla á reikningsskiladegi voru eftirfarandi:

	2013		2012	
	Brúttó staða	Niðurfærsla	Brúttó staða	Niðurfærsla
Ógjaldfallnar kröfur	1.534.328	0	1.553.001	0
Gjaldfallnar kröfur, 0- 30 daga	151.804	0	101.919	0
Gjaldfallnar kröfur, 31-60 daga	73.017	8.000	50.289	6.000
Gjaldfallnar kröfur, 61-90 daga	32.795	10.000	27.972	8.000
Gjaldfallnar kröfur, 91-120 daga	50.549	30.000	22.897	14.000
Gjaldfallnar kröfur, eldri en 120 daga	172.308	134.650	247.752	190.000
	<u>2.014.801</u>	<u>182.650</u>	<u>2.003.830</u>	<u>218.000</u>

Breyting niðurfærslu krafna greinist þannig:

	2013	2012
Niðurfærsla í upphafi árs	218.000	209.159
Tapaðar kröfur	(58.497)	(34.584)
Niðurfærsla ársins	<u>23.147</u>	<u>43.425</u>
Niðurfærsla viðskiptakrafna í lok árs	<u>182.650</u>	<u>218.000</u>

Lausafjárahætta

Lausafjárahætta er hætta á því að samstæðan geti ekki staðið við skuldbindingar sínar eftir því sem þær gjaldfalla. Markmið félagsins er að stýra lausafé þannig að tryggt sé að það hafi alltaf nægilegt laust fé til að mæta skuldbindingum sínum eftir því sem þær gjaldfalla og forðast þannig að skaða orðspor sitt.

Samstæðan hefur samið um yfirdráttarheimild að fjárhæð 1.500 millj. kr. hjá viðskiptabanka sínum Landsbankanum hf. sem félagið hafði dregið á 114 millj. kr. í árslok 2013.

Samningsbundnar greiðslur vegna fjárskulda, þar með taldir væntanlegar vaxtagreiðslur greinast þannig:

31. desember 2013

Fjármálagæringar sem ekki eru afleiður

	Bókfært verð	Samningsbundið sjóðflæði	Innan árs	Eftir 1-2 ár	Eftir 2-5 ár	Eftir meira en 5 ár
Vaxtaberandi						
langtímaskuldir	16.340.727	19.942.719	1.830.613	5.220.793	6.162.695	6.728.618
Yfirdráttarlán	114.161	114.161	114.161			
Viðskiptaskuldir	1.152.218	1.152.218	1.152.218			
Aðrar skammtímaskuldir	627.207	627.207	627.207			
Samtals	<u>18.234.313</u>	<u>21.836.305</u>	<u>3.724.199</u>	<u>5.220.793</u>	<u>6.162.695</u>	<u>6.728.618</u>

31. desember 2012

Vaxtaberandi

langtímaskuldir	16.032.754	19.800.747	1.755.600	1.757.179	10.178.242	6.109.726
Viðskiptaskuldir	1.047.571	1.047.571	1.047.571			
Aðrar skammtímaskuldir	828.305	828.305	828.305			
Samtals	<u>17.908.630</u>	<u>21.676.623</u>	<u>3.631.476</u>	<u>1.757.179</u>	<u>10.178.242</u>	<u>6.109.726</u>

Fjárhæðir eru í þúsundum króna.

23. Fjármálagerningar, frh.:**Markaðsáhætta**

Markaðsáhætta er hættan á því að breytingar í markaðsverði erlendra gjaldmiðla og vaxta hafi áhrif á afkomu samstæðunnar eða virði hennar í fjármálagerningum. Markmið með stýringu markaðsáhattu er að stýra og takmarka áhættu við skilgreind mörk sem stjórn hefur samþykkt.

Gengisáhætta

Samstæðan býr við gengisáhættu vegna innkaupa og lántöku í erlendum gjaldmiðlum. Starfsrækslugjaldmiðill félagsins er íslenskar krónur og eru allar tekjur þess í krónum. Hluti innkaupa er í erlendum gjaldmiðlum, aðallega í evru (EUR) og Norðurlandamyntum (NOK, DKK, SEK)

Samstæðan ver sig að jafnaði ekki fyrir gengisáhættu þar sem slíkar varnir eru ekki í boði á Íslandi.

Lántaka félagsins í erlendum gjaldmiðlum eru að stærstum hluta í evrum (EUR) en einnig í svissneskum frönskum (CHF) og bandarískum dollurum (USD). Vextir af þessum lánum hafa reynst mun lægri en þeir sem bjóðast af lánum í íslenskum krónum.

Mögulegt tap vegna gengisáhattu

Gengisáhætta samstæðunnar miðað við nafnverðisfjárhæðir er eftirfarandi:

	CHF	EUR	USD
2013			
Handbært fé	204	163.568	23.189
Langtímaskuldir	(624.560)	(1.797.578)	(247.542)
Áhætta í efnahagsreikningi	<u>(624.356)</u>	<u>(1.634.010)</u>	<u>(224.353)</u>
2012			
Handbært fé	0	208.554	7.953
Langtímaskuldir	(849.882)	(2.421.195)	(338.631)
Áhætta í efnahagsreikningi	<u>(849.882)</u>	<u>(2.212.641)</u>	<u>(330.678)</u>

Gengi helstu gjaldmiðla var eftirfarandi á árinu:

	Meðalgengi		Árslökagengi	
	2013	2012	2013	2012
CHF	132,27	133,72	129,55	141,03
EUR	162,83	161,18	158,94	170,27
USD	122,52	125,35	115,30	129,05

Næmnigreining

Styrking íslensku krónunnar um 10% gagnvart eftirfarandi gjaldmiðlum hefði hækkað afkomu ársins eftir skatt um eftirfarandi fjárhæðir. Greiningin byggir á því að allar aðrar breytur, sérstaklega vextir, haldist stöðugar. Greiningin var unnin með sambærilegum hætti fyrir árið 2012.

	2013	2012
CHF	49.948	67.991
EUR	130.721	177.011
USD	17.948	26.454

Veiking íslensku krónunnar um 10% gagnvart framangreindum gjaldmiðlum hefði haft sömu áhrif en í gagnstæða átt, að því gefnu að allar aðrar breytur hefðu haldist stöðugar.

Fjárhæðir eru í þúsundum króna.

23. Fjármálagerningar, frh.:

Vaxtaáfhætta

Langtímalántökur félagsins í íslenskum krónum eru með föstum vöxtum, en skammtímalán eru með breytilegum vöxtum. Lántökur í erlendum gjaldmiðlum eru með breytilegum vöxtum.

Vaxtaberandi fjáreignir og fjárskuldir samstæðunnar greinast með eftirfarandi hætti í lok ársins:

Fjármálagerningar með fasta vexti	2013	2012
Fjárskuldir	(13.785.192)	(12.423.046)
Fjármálagerningar með breytilega vexti		
Handbært fé	212.817	788.457
Fjárskuldir	(2.783.827)	(3.609.708)
	<u>(2.571.010)</u>	<u>(2.821.251)</u>

Næmnigreining gangvirðis fjármálagerninga með fasta vexti

Fjármálagerningar samstæðunnar með fasta vexti eru ekki færðir á gangvirði í gegnum rekstrarreikning. Því eiga vaxta-breytingar á uppgjörstegi ekki að hafa áhrif á rekstrarreikning félagsins.

Næmnigreining sjóðstreymis vegna fjármálagerninga með breytilega vexti

Hækkun á vöxtum um 100 punkta á uppgjörstegi 31. desember 2013 hefði lækkað eigið fé og afkomu ársins um 20,6 millj. kr (2012: 22,6 millj. kr.). Ef vextir hefðu lækkað um 100 punkta hefðu áhrifin verið þau sömu í gagnstæða átt. Þessi greining byggir á þeirri forsendu að allar aðrar breytur, sérstaklega gengi erlendra gjaldmiðla, haldist óbreyttar.

Önnur markaðsverðisáfhætta

Önnur markaðsverðisáfhætta félagsins er takmörkuð, þar sem fjárfestingar í skuldabréfum og eignarhlutum eru óverulegur hluti af starfsemi félagsins.

Samanburður á gangvirði og bókfærðu verði

Bókfært virði fjáreigna og fjárskulda í ársreikningnum er jafnt og gangvirði þeirra að undanteknum vaxtaberandi langtímaskuldum. Bókfært verð og gangvirði þeirra greinist með eftirfarandi hætti:

	2013		2012	
	Bókfært verð	Gangvirði	Bókfært verð	Gangvirði
Vaxtaberandi langtímaskuldir	<u>16.340.727</u>	<u>17.110.206</u>	<u>16.032.754</u>	<u>16.913.004</u>

Gangvirði vaxtaberandi skulda er reiknað núvirði höfuðstóls og vaxta og er afvaxtað með áhættulausum vöxtum í við-eigandi mynt auk viðeigandi áhættuálags á uppgjörstegi. Áhættuálag var metið 100 bp í árslok 2013 og 2012 og var það byggt á þeim kjörum sem félaginu hefur boðist á markaði. Gangvirðisútreikningar vaxtaberandi langtímaskulda falla undir stig 2 í stigveldi gangkerfis.

Eiginfjárstýring

Það er stefna stjórnar félagsins að eiginfjárstaða þess sé sterk til að styðja við stöðugleika í framtíðarþróun starfseminnar. Eigin fjárhlutfall samstæðunnar nam 58% í árslok 2013 (2012: 57%). Stjórn félagsins hefur ekki sett sér markmið um lágmarks eiginfjárlutfall....

Samstæðunni ber ekki að fylgja ytri reglum um lágmarkseiginfjárlutfall. Við mat á eiginfjárlutfalli samstæðunnar er litið til bókfærðs eigin fjár.

Fjárhæðir eru í þúsundum króna.

23. Fjármálagerningar, frh.:**Flokkar fjármálagerninga**

Fjáreignir og fjárskuldir greinast í eftirfarandi flokka fjármálagerninga:

	Fjárskuldir færðar á afskrifuðu kostnaðarverði	Lán og kröfur	Fjáreignir og fjárskuldir á gangvirði í gegnum rekstur	Bókfært verð
2013				
Eignarhlutir í öðrum félögum			23.156	23.156
Viðskiptakröfur		1.832.151		1.832.151
Aðrar skammtímakröfur		10.382		10.382
Handbært fé		212.817		212.817
Samtals eignir	0	2.055.350	23.156	2.078.506
Vaxtaberandi skuldir	16.454.873			16.454.873
Viðskiptaskuldir	1.152.218			1.152.218
Aðrar skammtímaskuldir	489.655			489.655
Samtals skuldir	18.096.746	0	0	18.096.746
2012				
Eignarhlutir í öðrum félögum			23.156	23.156
Viðskiptakröfur		1.785.830		1.785.830
Aðrar skammtímakröfur		14.363		14.363
Handbært fé		788.457		788.457
Samtals eignir	0	2.588.650	23.156	2.611.806
Vaxtaberandi skuldir	16.032.754			16.032.754
Viðskiptaskuldir	1.047.571			1.047.571
Aðrar skammtímaskuldir	828.305			828.305
Samtals skuldir	17.908.630	0	0	17.908.630

24. Tengdir aðilar**Skilgreining tengdra aðila**

Eigandi, hlutdeildarfélag, stjórnarmenn, stjórnendur og félag og stofnanir í þeirra eigu teljast vera tengdir aðilar félagsins.

Samstæðan keypti þjónustu af hlutdeildarfélagi sínu fyrir 1.528 m.kr. á árinu 2013 (2012: 1.514 m.kr.)

Samstæðan seldi þjónustu til hlutdeildarfélags síns fyrir 156 m.kr. á árinu 2013 (2012: 174 m. kr.)

Viðskipti við íslenska ríkið og félag og stofnanir í eigu þess eru verðlögð eins og um ótengda aðila sé að ræða.

25. Fyrirtæki í samstæðunni**Eignarhlutar í dótturfyrirtækjum greinast þannig:**

	Eignarhluti	
	2013	2012
Orkusalan ehf.	100,0%	100,0%
Rarik orkuþróun ehf.	100,0%	100,0%
Ljós og gagnaleiðari ehf.	100,0%	100,0%

Fjárhæðir eru í þúsundum króna.

26. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir

Reikningsskilaaðferðum sem lýst er hér á eftir hefur verið beitt með samræmdum hætti á öllum þeim tímabilum sem birt eru í ársreikningnum og af öllum félögum í samstæðunni félagið breytti framsetningu á rekstrarkostnaði orkuframleiðslu og sölu í rekstrarreikningi. Áhrif þessa á samanburðarár var að annar rekstrarkostnaður lækkar um 446 millj. kr.

Samstæðan hefur innleitt eftirfarandi nýja reikningsskilastaðla og breytingar á reikningsskilastöðlum frá og með 1. janúar 2013.

- IFRS 13, mat á gangvirði
- Framsetning liða annarrar heildarafkomu (breytingar á IAS 1)
- IAS 19 Starfskjör

Af ofangreindum stöðlum hafði einvörðungu IFRS 13 áhrif á reikningsskil samstæðunnar.

Gangvirðisbreytingar

IFRS 13 setur fram ramma fyrir mat á gangvirði og skýringar vegna gangvirði þegar slíks mats er krafist eða heimilað skv. IFRS. Staðallinn samræmir skilgreininingu á gangvirði sem það verð sem hefðbundin viðskipti með eign eða skuld myndu fara fram á á matsdegi. Staðallinn tekur jafnframt yfir og útvíkkar skýringarákvæði um mat á gangvirði í öðrum stöðlum þar með talinn IFRS 7, fjármálagerningar: skýringar. Staðallinn setur fram kröfur um upplýsingagjöf er varðar gangvirði og hefur samstæðan sett fram viðbótarskýringar vegna þessa. Upptaka staðalsins hafði ekki áhrif á mat eigna eða skulda samstæðunnar.

a) Grundvöllur samstæðu

(i) Dótturfélög

Dótturfélög eru þau félög þar sem samstæðan fer með yfirráð. Yfirráð eru til staðar þegar samstæðan hefur vald til að stjórna fjárhags- og rekstrarstefnu félags í þeim tilgangi að hagnast á starfsemi þess. Við mat á yfirráðum er tekið tillit til mögulegs atkvæðisréttar sem þegar er nýtanlegur. Reikningsskil dótturfélaga eru innifalin í reikningsskilum samstæðunnar frá því að yfirráð nást og þar til þeim lýkur. Reikningsskilaaðferðum dótturfélaga hefur verið breytt þegar nauðsynlegt hefur verið að aðlaga þær að reikningsskilaaðferðum samstæðunnar.

(ii) Hlutdeildarfélag

Hlutdeildarfélag eru þau félög sem samstæðan hefur veruleg áhrif á fjárhags- og rekstrarstefnu, en ekki yfirráð. Veruleg áhrif eru alla jafna til staðar þegar félagið ræður yfir 20-50% atkvæðisréttar. Hlutdeildarfélag eru færð í ársreikning samstæðunnar með hlutdeildaraðferð.

Ársreikningur samstæðunnar inniheldur hlutdeild í hagnaði eða tapi og öðrum tekjum og gjöldum færðum á eigið fé hlutdeildarféлага samkvæmt hlutdeildaraðferð. Hlutdeildaraðferðinni er beitt frá því að veruleg áhrif nást og þar til þeim lýkur. Verði hlutdeild félagsins í tapi meiri en bókfært verð hlutdeildarfélagsins er bókfærða verðið fært í núll og færslu frekara taps er hætt nema félagið hafi gengist í ábyrgðir fyrir þessi félög eða fjármagnað þau. Ef hagnaður verður af rekstri hlutdeildarfélags á síðari tímabilum er ekki færð hlutdeild í hagnaði þeirra fyrr en hlutdeild í tapi sem ekki var fært hefur verið jöfnuð.

(iii) Viðskipti felld út úr samstæðureikningnum

Viðskipti milli félaga innan samstæðunnar, staða milli þeirra og óinnleystar tekjur og gjöld sem myndast hafa í viðskiptum milli félaganna eru felld út við gerð ársreiknings samstæðunnar. Óinnleystur hagnaður sem hefur myndast í viðskiptum við hlutdeildarfélag er felldur út í samræmi við hlutdeild samstæðunnar í félögunum. Óinnleyst tap er felld út með sama hætti og óinnleystur hagnaður, en aðeins að því marki að ekkert bendi til virðisrýrnunar fjárfestinganna.

Fjárhæðir eru í þúsundum króna.

26. Mikilvægar reikningskilaaðferðir, frh.:**b) Erlendir gjaldmiðlar****(i) Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum**

Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð í starfrækslugjaldmiðli á gengi viðskiptadags. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru færðar miðað við gengi á uppgjörsdegi. Aðrar eignir og skuldir, sem metnar eru á gangvirði í erlendri mynt, eru færðar á því gengi sem var í gildi þegar gangvirði þeirra var ákvarðað. Gengismunur sem þannig myndast er færður í rekstrarreikning.

c) Fjármálagerningar**(i) Fjármálagerningar aðrir en afleiðusamningar**

Til fjármálagerninga sem ekki eru afleiðusamningar teljast fjárfestingar í hlutabréfum, viðskiptakröfur, aðrar kröfur, handbært fé, lántökur, viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir.

Fjármálagerningar sem ekki eru afleiðusamningar eru færðir á gangvirði við upphaflega skráningu í bókhald. Þegar fjármálagerningar eru ekki metnar á gangvirði gegnum rekstrarreikning, er allur beinn viðskiptakostnaður færður til hækkunar á virði þeirra við upphaflega skráningu í bókhald. Eftir upphaflega skráningu eru fjármálagerningar sem ekki eru afleiðusamningar færðir með þeim hætti sem greinir hér á eftir.

Fjármálagerningar eru færðir í ársreikning þegar félagið gerist aðili að samningsbundnum ákvæðum viðkomandi fjármálagerninga. Fjáreignir eru felldar út úr ársreikningi ef samningsbundinn réttur samstæðunnar að sjóðstreymi vegna fjáreignanna rennur út eða ef samstæðan yfirfærir fjáreignirnar til annars aðila án þess að halda eftir yfirráðum eða því sem næst allri þeirri áhættu og ávinningi sem í eignarhaldi á þeim felst. Bókhaldsskráning hefðbundinna kaupa og sölu á fjáreignum er gerð á viðskiptadegi, þ.e. á þeim degi sem samstæðan skuldbindur sig til að kaupa eða selja eignina. Fjárskuldir eru felldar út úr ársreikningi ef skuldbindingar samstæðunnar sem skilgreindar eru í samningi eru greiddar, falla úr gildi, er vísað frá eða þeim er aflétt.

Fjáreignum og fjárskuldum er jafnað saman og nettó fjárhæð færð í efnahagsreikning þegar lagalegur réttur er til staðar um jöfnun og fyrirhugað er að gera upp með jöfnun fjáreigna og fjárskulda.

Handbært fé samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

Í skýringu 26(ii) er gerð grein fyrir reikningskilaaðferðum vegna fjármunatekna og fjármagnsgjalda.

Fjáreignir og fjárskuldir á gangvirði gegnum rekstrarreikning

Fjármálagerningur er flokkaður sem fjáreign eða fjárskuld á gangvirði gegnum rekstrarreikning sé hann veltufjáreign eða veltufjárskuld eða ef hann er tilgreindur sem fjármálagerningur á gangvirði gegnum rekstrarreikning við upphaflega skráningu í bókhald. Fjármálagerningar eru tilgreindir á gangvirði gegnum rekstrarreikning ef ákvarðanir um kaup og sölu byggjast á gangvirði þeirra. Fjáreignir og fjárskuldir á gangvirði gegnum rekstrarreikning eru færðar á gangvirði í efnahagsreikning. Gangvirðisbreytingar eru færðar í rekstrarreikning. Beinn viðskiptakostnaður er færður í rekstrarreikning þegar hann fellur til.

Aðrir fjármálagerningar

Aðrir fjármálagerningar, sem ekki teljast afleiðusamningar, eru færðir á afskrifuðu kostnaðarverði miðað við virka vexti, að fráreginni virðisrýrnun þegar við á.

(ii) Hlutfé**Almennt hlutfé**

Kostnaður við útgáfu hlutfjár er færður til lækkunar á eigin fé.

Endurkaup á hlutfé

Þegar hlutir sem flokkaðir eru sem eigið fé eru keyptir er fjárhæð kaupverðsins, að meðtöldum beinum kostnaði, færð til lækkunar á eigin fé.

Fjárhæðir eru í þúsundum króna.

26. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir, frh.:

d) Rekstrarfjármunir

(i) Færsla og mat

Rekstrarfjármunir, aðrir en virkjanir og dreifikerfi, eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum uppsöfnuðum afskriftum og virðisrýrnun.

Kostnaðarverð samanstendur af beinum kostnaði sem fellur til við kaupin. Kostnaðarverð rekstrarfjármuna sem félagið byggir sjálft innifelur efniskostnað, launakostnað og annan kostnað sem fellur til við að koma eigninni í notkun, auk kostnaðar sem áætlað er að muni falla til við niðurrif eigna. Keyptur hugbúnaður sem er nauðsynlegur til að unnt sé að nýta vélbúnað er eignfærður sem hluti af þeim tækjabúnaði.

Þegar rekstrarfjármunir eru samsettir úr einingum með ólíkan nýtingartíma eru einingarnar aðgreindar og afskrifaðar miðað við nýtingartímann.

Hagnaður eða tap af sölu rekstrarfjármuna er munurinn á söluverðinu og bókfærðu verði eignarinnar og er fært í rekstrarreikning meðal annarra tekna. Þegar endurmetnir varanlegir rekstrarfjármunir eru seldir er endurmat þeirra meðal eigin fjár fært á óráðstafað eigið fé.

Vaxtagjöld af lánsfé sem nýtt er til fjármögnunar á kostnaðarverði mannvirkja í byggingu eru eignfærð á byggingartíma.

Virkjanir og dreifikerfi samstæðunnar eru færð á endurmetnu kostnaðarverði í efnahagsreikningnum sem er gangvirði þeirra á endurmatsdegi að frádregnum afskriftum og virðisrýrnun frá þeim tíma. Endurmat þessara eigna er framkvæmt með reglubundnum hætti. Allar hækkanir vegna þessa endurmats eru færðar á sérstakan endurmatsreikning meðal eigin fjár að teknu tilliti til tekjuskattsáhrifa. Afskriftir af endurmetnu kostnaðarverði eru færðar í rekstrarreikning. Við sölu, afskriftir eða niðurlagningu eignar er sá hluti endurmatsreikningsins sem tilheyrir viðkomandi eign færður á óráðstafað eigið fé.

(ii) Kostnaður sem fellur til síðar

Kostnaður við að endurnýja einstaka hluta rekstrarfjármuna er færður til eignar ef líklegt er talið að ávinningur sem felst í eigninni muni renna til samstæðunnar og hægt er að meta kostnaðinn á áreiðanlegan hátt. Allur annar kostnaður er gjaldfærður í rekstrarreikningi þegar til hans er stofnað.

(iii) Afskriftir

Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan nýtingartíma einstakra hluta varanlegra rekstrarfjármuna. Áætlaður nýtingartími greinist þannig:

Virkjanir	60 ár
Veitukerfi	20–33 ár
Aðrir rekstrarfjármunir	5–50 ár

Afskriftaaðferðir, nýtingartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjörssdegi.

e) Birgðir

Birgðir eru metnar á kostnaðarverði eða hreinu söluvirði, hvoru sem lægra reynist. Kostnaðarverð birgða byggir á fyrst inn - fyrst út reglunni og innifelur kostnað sem fellur til við að afla birgðanna og koma þeim á þann stað og í það ástand sem þær eru í á uppgjörssdegi. Hreint söluvirði er áætlað söluverð í venjulegum viðskiptum að frádregnum áætluðum kostnaði við að selja vöru.

Fjárhæðir eru í þúsundum króna.

26. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir, frh.:

f) Virðisrýmun

(i) Fjáreignir

Á hverjum uppgjörssdegi er kannað hvort til staðar sé hlutlæg vísbending um virðisrýmun fjáreigna. Fjáreign telst hafa rýrnað í virði ef hlutlægar vísbendingar eru um að einn eða fleiri atburðir sem átt hafa sér stað benda til þess að vænt framtíðarsjóðstreymi af viðkomandi eign verði lægra en áður var talið.

Virðisrýmun fjáreigna sem færðar eru á afskrifuðu kostnaðarverði er mismunurinn á bókfærðu verði þeirra annars vegar og núvirtu væntu framtíðarsjóðstreymi miðað við upphaflega virka vexti hins vegar.

Einstakar mikilvægar fjáreignir eru prófaðar sérstaklega hver um sig með tilliti til virðisrýrnunar. Aðrar fjáreignir eru flokkaðar saman eftir lánsáhættueinkennum.

Virðisrýmun fjáreigna er færð í rekstrarreikning.

(ii) Aðrar eignir

Bókfært verð eigna, að undanskildum birgðum og skatteign, er yfirfarið á hverjum uppgjörssdegi til að meta hvort vísbendingar séu um virðisrýmun þeirra. Sé einhver slík vísbending til staðar er endurheimtanleg fjárhæð eignarinnar metin.

Virðisrýmun er gjaldfærð þegar bókfært verð eignar eða fjárskapandi einingar er hærra en endurheimtanleg fjárhæð hennar. Fjárskapandi eining er minnsti aðgreinanlegi hópur eigna sem myndar sjóðstreymi sem er að mestu leyti óháð öðrum eignum eða hópum eigna. Virðisrýmun er gjaldfærð í rekstrarreikningi en síðan til hlutfallslegrar lækkunar á bókfærðu verði annarra eigna sem tilheyra einingunni. Virðisrýmun endurmats eigna er færð á eigið fé til lækkunar á endurmatsreikningi að því marki sem nemur endurmati vegna þeirrar eignar. Virðisrýmun umfram það er gjaldfærð í rekstrarreikningi

Endurheimtanleg fjárhæð eignar er hreint gangvirði hennar eða nýtingarvirði, hvort sem hærra reynist. Nýtingarvirði er metið miðað við áætlað framtíðarsjóðstreymi, sem er núvirt með vöxtum fyrir skatta, sem endurspeгла mat markaðarins á tímavirði peninga hverju sinni og þeirri áhættu sem fylgir eigninni.

Virðisrýmun viðskiptavildar er ekki bakfærð. Virðisrýmun fyrri tímabila vegna annarra eigna er metin á hverjum uppgjörssdegi til að kanna hvort vísbendingar séu um að rýrnunin hafi minnkað eða horfið. Virðisrýmun er bakfærð ef breyting hefur orðið á mati sem notað var við útreikning á endurheimtanlegri fjárhæð. Virðisrýmun er einungis bakfærð að því marki að bókfært verð eignar sé ekki umfram það sem verið hefði ef engin virðisrýmun hefði verið færð.

g) Hlunnindi starfsmanna

(i) Iðgjaldatengd lífeyriskerfi

Kostnaður vegna framlaga í iðgjaldatengd lífeyriskerfi er gjaldfærður í rekstrarreikningi þegar hann fellur til.

h) Skuldbindingar

Skuldbinding er færð í efnahagsreikninginn þegar samstæðunni ber lagalega skyldu eða hefur tekið á sig skuldbindingu vegna fyrri atburðar og líklegt er að kostnaður lendi á því við að gera upp skuldbindinguna. Skuldbindingin er metin út frá væntu framtíðarfjárfleði, sem er núvirt með vöxtum sem endurspeгла markaðsvexti og þá áhættu sem fylgir skuldbindingunni.

Niðurrifskostnaður

Félagið hefur áætlað kostnað við niðurrif núverandi línustæða. Áætlunin byggist á mati sérfræðinga. Niðurrifskostnaðurinn hefur verið núvirtur miðað við áætlaðan líftíma háspennulína félagsins og er núvirt fjárhæð færð annars vegar til hækkunar á viðkomandi eign og hins vegar sem skuldbinding í efnahagsreikningi. Breyting skuldbindingar vegna núvirðingar og verðtryggingar eru færð meðal fjármagnsgjalda í rekstrarreikningi.

Fjárhæðir eru í þúsundum króna.

26. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir, frh.:

i) Tekjur

Tekjur af sölu og dreifingu á raforku og heitu vatni eru færðar í rekstrarreikning samkvæmt mældri afhendingu til kaupenda á tímabilinu. Aðrar tekjur eru færðar þegar til þeirra er unnið eða við afhendingu vöru eða þjónustu.

Tekjumörk

Gjaldskrá fyrir dreifingu raforku er háð tekjumörkum sem gefin er út af Orkustofnun í samræmi við ákvæði raforkulaga nr. 65 frá 2003. Tekjumörkin byggja á rauntölum fyrri ára úr rekstri dreifiveitu, afskrift fastafjármuna, rauntöpum í dreifikerfi og arðsemi á bundið fé í dreifiveitu. Arðsemi dreifiveitu af dreifingu raforku skal vera sem næst vegnum fjármagnskostnaði, að teknu tilliti til skatta og að frátöldum verðlagsbreytingum. Arðsemi til grundvallar tekjumörkum skal vera jöfn hlutfalli milli annars vegar hagnaðar fyrir fjármunatekjur og fjármagnsgjöld en að frádrægnum sköttum (EBIT að frádrægnum sköttum) og hins vegar bókfærðs virðis fastafjármuna sem nauðsynlegir eru til reksturs dreifiveitunnar auk 20% af tekjumörkum síðasta árs til að mæta kostnaði af veltufjármunum. Við ákvörðun tekjumarka er ekki litið til raunverulegra fjármagnsliða. Gjaldskrá er ákveðin miðað við tekjumörk og áætlanir um raforkusölu á dreifiveitusvæðum félagsins, annars vegar fyrir þéttbýli og hins vegar fyrir dreifibýli.

j) Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Fjármunatekjur samanstanda af vaxtatekjum af fjárfestingum, arðstekjum, breytingum á gangvirði fjáreigna þar sem gangvirðisbreyting er færð í rekstrarreikning, gengishagnaði af erlendum gjaldmiðlum. Vaxtatekjur eru færðar eftir því sem þær falla til miðað við virka vexti. Arðstekjur eru færðar í rekstrarreikning á þeim degi sem arðsúthlutun er samþykkt.

Fjármagnsgjöld samanstanda af vaxtakostnaði af lántökum, bakfærslu núvirðingar skuldbindinga, gengistapi af erlendum gjaldmiðlum, tapi af afleiðusamningum og virðisrýrnun fjáreigna. Lántökukostnaður er færður í rekstrarreikning miðað við virka vexti.

Hagnaður eða tap vegna gengisbreytinga erlendra gjaldmiðla er fært nettó.

k) Tekjuskattur

Tekjuskattur á afkomu tímabilsins samanstendur af greiðslu og frestuðum tekjuskatti. Tekjuskattur er færður í rekstrarreikning nema þegar hann tengist liðum sem eru færðir beint á eigið fé eða liðum færðum meðal annarra tekna og gjalda færðra á eigið fé.

Tekjuskattur til greiðslu er tekjuskattur sem áætlað er að komi til greiðslu á næsta ári vegna skattskylds hagnaðar ársins, miðað við gildandi skatthlutfall á uppgjörsteggi, auk leiðréttinga á tekjuskatti til greiðslu vegna fyrri ára.

Frestaður tekjuskattur er færður vegna tímabundinna mismuna á bókfærðu verði eigna og skulda í ársreikningnum annars vegar og skattverði þeirra hins vegar. Útreikningur á frestuðum skatti byggir á því skatthlutfalli sem vænst er að verði í gildi þegar tímabundnir mismunir koma til með að snúast við, miðað við gildandi lög á uppgjörsteggi.

Skatteign er einungis færð að því marki sem líklegt er talið að skattskyldur hagnaður verði til ráðstöfunar í framtíðinni sem unnt verður að nýta eignina á móti. Skatteign er metin á hverjum uppgjörsteggi og lækkuð að því marki sem talið er líklegt að hún nýtist ekki.

l) Hagnaður á hlut

Í ársreikningnum er sýndur grunnhagnaður á hlut og þynntur hagnaður á hlut fyrir almenna hluti í félaginu. Grunnhagnaður á hlut er reiknaður sem hlutfall afkomu, sem ráðstafað er til almennra hluthafa í félaginu, og vegins meðalfjölda útistandandi almennra hluta á árinu. Þynntur hagnaður á hlut er jafn grunnhagnaði þar sem fyrirtækið hefur ekki gert kaupréttarsamninga eða gefið út breytanleg skuldabréf.

Fjárhæðir eru í þúsundum króna.

26. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir, frh.:**m) Starfsþáttayfirlit**

Rekstrarstarfsþáttur er hluti samstæðunnar sem fæst við viðskipti og er fær um að afla tekna og stofna til gjalda, að meðtöldum tekjum og gjöldum vegna viðskipta við aðra hluta samstæðunnar. Afkoma allra starfsþátta samstæðunnar er reglulega yfirfarin af forstjóra til að ákvarða hvernig eignum hennar er skipt á starfsþætti og til að meta frammistöðu þeirra.

Viðskipti milli starfsþátta eru verðlögð eins og um óskylda aðila væri að ræða.

Rekstrarafkoma starfsþátta, eignir og skuldir þeirra samanstanda af liðum sem tengja má beint við hvern starfsþátt, auk þeirra liða sem hægt er að skipta skynsamlega niður á starfsþætti. Liðir sem ekki eru flokkaðir með einstökum starfsþáttum eru aðallega fjárfestingar og tengdar tekjur, lántökur og tengdur kostnaður, sameiginlegar eignir og tengdur kostnaður, auk frestaðs tekjuskatts.

Fjárfestingar starfsþátta eru kaup á rekstrarfjármunum.

p) Nýir reikningsskilastaðlar og túlkanir á þeim sem hafa ekki verið innleiddir

Samstæðan hefur tekið upp alla alþjóðlega reikningsskilastaðla, breytingar á þeim og túlkanir sem Evrópusambandið hefur staðfest og tekið hafa gildi fyrir reikningsskilatímabil sem hefjast 1. janúar 2013 og eiga við um starfsemi hennar. Samstæðan hefur ekki tekið upp staðla, breytingar á stöðlum eða túlkanir sem taka gildi fyrir reikningsskilatímabil sem hefjast eftir 1. janúar 2013, en heimilt er að taka upp fyrr. Áhrif þess á reikningsskil samstæðunnar hafa ekki verið metin að fullu en talið er að þau séu óveruleg.

YFIRLÝSING UM STJÓRNARHÆTTI

Inngangur

Samkvæmt lögum nr. 65 frá 2003, raforkulögum, hefur Rarik ohf. heimild til þess að annast raforkudreifingu á tilteknum landsvæðum með sérstökum skilyrðum. Dreifiveitusvæðið nær til meginhluta landsins utan Höfuðborgarsvæðisins, Vestfjarða og Reykjaness.

Auk þess rekur Rarik fimm hitaveitur, jarðvarmaveitur í Búðardal, Blönduósi og Siglufirði og fjarvarmaveitur á Seyðisfirði og Höfn í Hornafirði. Framleiðsla og sala rafmagns er í höndum dótturfélagsins Orkusölunnar ehf. Þróun og uppbygging orkukerfa er hjá öðru dótturfélagi, Rarik orkuþróun ehf og þriðja dótturfélagið Ljós- og gagnaleiðari ehf. hefur umsjón með ljósleiðurum sem lagðir hafa verið með jarðstrengjum. Öll þessi dótturfélög eru alfarið í eigu Rarik.

Stjórnarhættir

Stjórn Rarik leitast við að viðhalda góðum stjórnarháttum og fylgja „Leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja sem Viðskiptaráð Íslands, Nasdaq OMX Iceland og Samtök atvinnulífsins gáfu út í mars 2012. Stjórn setur sér starfsreglur, þar sem valdssvið hennar er skilgreint og verksvið gagnvart forstjóra. Núgildandi starfsreglur stjórnar voru staðfestar af stjórn þann 23. júní 2011 eftir að þær höfðu verið kynntar fulltrúa hlutahafans. Starfsreglur stjórnar eru aðgengilegar á heimasíðu Rarik.

Áhættustýring

Innra eftirlit Rarik felur í sér skilgreiningu á rekstri, stjórnun og hlutverki fyrirtækisins, markmiðasetningu, upplýsingasöfnun og yfirferð þeirra upplýsinga sem verða til í kerfum fyrirtækisins um starfsemi þess, verklag og árangur samkvæmt settum markmiðum. Brugðist er við frávikum og fengin reynsla er nýtt í þróun og endurskilgreiningu starfseminnar.

Afkomumarkmið RARIK eru sett af stjórn fyrirtækisins. Mánaðarlega fer stjórn yfir rekstraryfirlit og stöðu í fjárfestingum, þar sem frávik frá áætlunum eru yfirfarin og skýrð. Í handbók fyrirtækisins, sem er aðgengileg á innri vef þess, eru margvíslegar verklagsreglur til að tryggja gott eftirlit með rekstrarkostnaði. Sömuleiðis eru umfangsmiklar verklagsreglur um tekjuskráningu, m.a. með ferilskráningu mæla og afstemmingu sölukerfis og bókhalds. Þá eru ýmsar verklagsreglur þar sem kveðið er á um hvernig þeir, sem eru fjárhagslega ábyrgir fyrir þeim verkum sem unnið er að á hverjum tíma, sinni reglubundinni skráningu og eftirliti með kostnaði verkanna og beri ábyrgð á skilum þeirra til uppgjors. Í skýringu nr. 23 í ársreikningi er jafnframt gerð grein fyrir áhættustýringu Rarik.“

Stjórnskipulag

Stjórnskipulag Rarik samanstendur af stjórn móðurfélags, stjórnnum þriggja dótturfélaga og framkvæmdaráði móðurfélagsins. Starfsemi Rarik er skipt í fjögur svið auk skrifstofu forstjóra en þau eru Fjármálasvið, Framkvæmdasvið, Rekstrarsvið og Tækni-svið. Þá hefur stjórn kosið Endurskoðunar-nefnd en fer sjálf með hlutverk Starfskjaranefndar.

Stjórn

Stjórn Rarik sinnir stefnumótun, eftirliti og töku meiriháttar ákvarðana í rekstri félagsins í samræmi við lagareglur sem gilda um stjórn félagsins. Stjórnin staðfestir rekstrar- og fjárfestingaáætlanir, fer með málefni félagsins og annast um að stjórnskipulag rekstrar þess og starfsemi sé jafnan í réttu og góðu horfi.

Í stjórn Rarik eru fimm eftirtaldir aðalmenn, allir kosnir á aðalfundi:

Árni Steinar Jóhannsson, Hafnarbraut 4 Fjarðabyggð, formaður stjórnar, fyrst kosinn í stjórn Rarik ohf. árið 2008,
Ingibjörg Sigmundsdóttir, Heiðmörk 31 Hveragerði, varaformaður stjórnar, fyrst kosin í stjórn Rarik ohf. árið 2006,
Huld Aðalbjarnardóttir, Víðisholti 1 Norðurþingi, ritari stjórnar, fyrst kosin í stjórn Rarik ohf. árið 2009,
Hilmar Gunnlaugsson, Hamrahlíð 4 Egilsstöðum, meðstjórnandi, fyrst kosinn í stjórn Rarik ohf. árið 2006,
Valdimar Guðmannsson, Hlíðarbraut 1 Blönduósi, meðstjórnandi, fyrst kosinn í stjórn Rarik ohf. árið 2008.

Stjórn Rarik ohf. hélt 14 fundi á árinu 2013.

Yfirlýsing um stjórnarhætti, frh.:**Framkvæmdaráð og dótturfélög**

Tryggvi Þór Haraldsson er forstjóri Rarik, situr í framkvæmdaráði Rarik og er formaður stjórnar þriggja dótturfélaga Rarik: Orkusólunnar ehf., Rarik orkuþróunar ehf. og Ljós- og gagnaleiðara ehf.

Ólafur Hilmar Sverrisson er framkvæmdastjóri Fjármálasviðs, situr í framkvæmdaráði Rarik og á sæti í stjórn dótturfélagsins Rarik orkuþróun.

Ómar Imslund er framkvæmdastjóri Framkvæmdasviðs og situr í framkvæmdaráði Rarik.

Pétur Einir Þórðarson er framkvæmdastjóri Tæknisviðs og situr í framkvæmdaráði Rarik.

Örlygur Jónasson er framkvæmdastjóri Rekstrarsviðs og situr í framkvæmdaráði Rarik.

Magnús Kristjánsson er framkvæmdastjóri Orkusólunnar, sem er dótturfélag Rarik.

Steinar Friðgeirsson er framkvæmdastjóri Rarik orkuþróunar, sem er dótturfélag Rarik.

Endurskoðunarnefnd

Endurskoðunarnefnd Rarik var kosin þann 30. maí 2013 og í henni sitja:

Sigurður Þórðarson, endurskoðandi, formaður,

Ingibjörg Sigmundsdóttir, varaformaður stjórnar Rarik

Elín R. Lindal, framkvæmdastjóri

Endurskoðunarnefnd Rarik hefur sett sér starfsreglur sem samþykktar eru af stjórn Rarik. Nefndin starfar í samræmi við ákvæði laga um ársreikninga, lög nr. 3/2006. Nefndin hélt 6 fundi á árinu 2013.

Endurskoðunarnefnd skal leggja tillögur sínar fyrir stjórn Rarik. Hún sendir fundargerðir sínar til stjórnar Rarik og skilar skýrslu um störf sín einu sinni á ári.

Starfskjaranefnd

Stjórn Rarik fer með hlutverk starfskjaranefndar. Starfskjarastefna er kynnt á aðalfundum félagsins.

SKAMMSTAFANIR OG SKÝRINGAR			
kV	= kílóvolt	ISK	= icelandic crowns
kW	= kílówatt	mkr	= million icelandic crowns
MW	= megawatt = 1.000 kW	h	= hour
kVA	= kílóvoltamper	RARIK	= Iceland State Electricity
MVA	= megavoltamper = 1.000 kVA	RED	= RARIK Energy Development (RARIK subsidiary)
kWh	= kílówattstund	Orkusalan	= Energy sales and production (RARIK subsidiary)
MWh	= megawattstund = 1.000 kWh	hf	= Ltd, PLC
GWh	= gígawattstund = 1.000 MWh	ehf	= Ltd
TWh	= terawattstund = 1.000 GWh	ohf	= PLC
mkr	= milljón krónur = 1.000.000 krónur		
h	= klukkustund		



THE COMPANY

RARIK (Iceland State Electricity) was founded in April 1946 and started operations in January 1947. Its function and main responsibility through the years has been the electrification of most parts of Iceland, particularly the rural areas. The main tasks being to procure, distribute and sell electricity in its operating area and thus provide and create added value to its customers.

By devoting its energy to building an electric power transmission and distribution system for the country's rural as well as urban areas, RARIK has played an important role in the development of individual regions in the country.

Electrical and industrial development went hand in hand in Iceland. RARIK played the principal role in the electrification of Iceland's rural areas and now provides electricity via the grid system to around 60 population centres around Iceland. Its distribution network covers around 80-90% of the country's inhabited areas and serves approximately 16% of the population. The length of the high voltage distribution network is ca 8,700 km and although originally all high voltage distribution was via overhead power lines, by end of 2013 over 50% of the lines had been replaced with underground cables.

Following the passage of a new Icelandic Electricity Act in 2003 a number of significant changes took place in the field of energy production, transportation, distribution and sales. In accordance with the new act an independent company, Landsnet hf, began operation on the 1st of January 2005. This company was created to organize the transmission of electric power between different parts of Iceland and to its largest population centres. RARIK owns a 22.5% share in Landsnet hf.

The new act also meant that consumers were able to choose an electricity supplier, and thereby competition was initiated in the field of electricity sales in Iceland.

In accordance with the new act, RARIK was incorporated in July 2006, and this limited company took over all activities of the State Electric Power Works as of the 1st of August 2006 – just 60 years after Parliament adopted the act on the Establishment of the State Electric Power Works. RARIK's operations were divided at the beginning of the year 2007 into its concessioned activities, which are operated by the parent company RARIK ohf, and its competitive business activities, which were transferred to a subsidiary Orkusalan ehf.

The subsidiary, Orkusalan ehf, produces, buys and sells electricity to homes, businesses and institutions throughout the country and is 100% owned by RARIK.

In 2008 a new subsidiary was established, RARIK Energy Development Ltd (RED), also 100% owned by RARIK. The main task of this subsidiary is energy research and development, both domestic and abroad.

In addition, RARIK owns and operates five hotwater supply utilities, namely three geothermal hotwater ones and two district heating ones. The number of employees of RARIK and subsidiaries at the end of 2013 was 196.



FINANCES

2013 was a good operating year for RARIK. Income rose by over 3% from the previous year, while operating expenses increased by approximately 8%, mainly due to increased depreciation. Financial items were much more favourable than anticipated. The overall profits for the year, therefore, were rather higher than those predicted.

Operations 2013

Operating profits for 2013 (EBIT) amounted to ISK 2,685 million, which is approximately 23% of turnover. Operating profits before depreciation, financial items and taxes (EBITDA) were approximately 36% of turnover, or ISK 4,300 million. The price list for distribution in rural areas was raised by 8% at the beginning of the year, while urban tariffs remained the same. Despite this increase, RARIK is not fully utilising its authorised income potential under the provisions of the Electricity Act in rural areas, and therefore, special increases in rural tariffs will be required in the next few years. Income authorisations in urban areas, however, are fully utilised due to income from connection fees. The tariff for RARIK's district heating did not change during the year. Orkusalan increased its price schedule by 3.3% on 1st of July in accordance with Landsvirkjun's increase of the wholesale price to Orkusalan.

Operating revenues amounted to ISK 11,793 million, an increase of just over 3% from the previous year. Operating expenses amounted to ISK 9,108 million, which is an increase of 8% from 2012. Financial expenses in excess of financial income amounted to ISK 867 million, just over 5% of the interest bearing debt at the beginning of the year. Operating results, excluding associated companies and taxes, were positive to the tune of ISK 1,817 million, compared to ISK 1,702 million in 2012. The financial impact of the associated company Landsnet hf. was positive to the amount of ISK 491 million. The year's profit after income tax is ISK 1,947 million. When looking at the operating results for the complete years in which the company RARIK ohf. has operated, the combined profits, at each year's price levels, are just under ISK 300 million.

Balance Sheet

RARIK's total assets according to the balance sheet are ISK 46,787 million. Liabilities at year-end amounted to ISK 19,643 million. As a result, RARIK's equity is ISK 27,144 million and its equity ratio 58%. RARIK's equity ratio is now getting close to what it was when the company was founded in 2006. Investment during 2013 amounted to ISK 3,776 million, while total investment during 2012 amounted to ISK 3,235 million. Most investment was due to renewals in the distribution system, new connections or expansions for customers and hot water utilities in Skagaströnd. Combined investments in distribution systems during the year amounted to ISK 3,356 million. Investments in power plants amounted to ISK 327 million during the year.

Financing

A bond class for a term of 20 years, amounting to ISK 1,000 million and listed on the Iceland Stock Exchange, was issued in 2013. There was considerable surplus demand, with offers received amounting to ISK 4,340 million, approximately four times the planned amount. It was decided to accept offers for ISK 1,000 million nominal value at the required rate of return of 3.09%. The proportion of foreign debt at year-end was approximately 16% of the company's interest bearing debts, and if no new foreign loans are taken, they will be fully paid up in 2018. Instalments during 2014–2017 amount to approximately ISK 10,000 million, and it is clear that a large portion requires long-term refinancing. The bulk of these instalments will be in the years 2015 and 2016. It has not been decided whether foreign parties will be approached regarding some of this refinancing or whether it shall be solely domestic.

KEY FIGURES FROM OPERATIONS			
	ISK	2012	2013
Operating revenues	mkr	11.412	11.793
Operating expenses	mkr	8.428	9.108
Operating profits	mkr	2.984	2.684
Financial income (fin.expenses)	mkr	-1.282	-867
Impact of associated company	mkr	180	491
Profits before taxes	mkr	1.882	2.309
Income tax	mkr	-341	-362
Profits	mkr	1.541	1.947
Total assets	mkr	44.569	46.787
Equity	mkr	25.507	27.144
Liabilities	mkr	19.062	19.643
Cash from operating activities	mkr	3.257	3.541
Interest expenses paid	mkr	630	657
EBITDA	mkr	4.351	4.300
Interest coverage		6,91	6,54
Equity ratio		57,20%	58,00%
Population of distribution area		50.606	50.865
Customers , meters (electricity)		41.349	41.375
Distribution of electricity	GWh	1.085	1.110
- per capita,	kWh	21.440	21.820
High Tension systems	km	8.523	8.678

Prospects for 2014

Prospects for RARIK's operation in 2014 are good. Profits from the operation of the company are expected to be similar to profits in 2013. Estimates for 2014 assume that the demand for primary energy sales and distribution will increase slightly, which is consistent with the trend in recent years. A heating utility in Skagaströnd, completed in 2013, is a new addition to the operation of heating utilities.



Útgefandi/published by

RARIK ehf

Dverghöfða 2 – 110 Reykjavík

Sími/Tel. 528 9000 – Fax 528 9009

rarik@rarik.is – www.rarik.is

Ábm.: Tryggvi Þór Haraldsson forstjóri

Efnisöflun: Rósant Guðmundsson almannatengsl

Umsjón og hönnun: Athygli ehf.

Prentun: GuðjónÓ – vistvæn prentsmiðja

Ljósmyndir: Rósant Guðmundsson, Emil Þór Sigurðsson, Árni Þórður Jónsson og ýmsir starfsmenn RARIK.



RARIK ehf • sími 528 9000 • rarik@rarik.is • www.rarik.is